

handbók um

6+1 vídd

ritunar

Verkefni unnið á vegum **sísl**



Þýðing og staðfæring:
Borghildur Sigurðardóttir og Guðlaug Richter

Mat á íslenskum ritunardæmum:
Borghildur Sigurðardóttir, Hrefna Birna Björnsdóttir
og Sigríður Nanna Heimisdóttir

Styrkir:
Jöfnunarsjóður og mennta- og menningarmálaráðuneytið

FORMÁLI

Handbókin *6+1 vídd ritunar* (e. 6+1 Traits of Writing) er fyrir kennara sem sótt hafa námskeið í kennslu víddanna. Námskeiðin eru haldin á vegum *SÍSL*, *Sérfræðingateymis í samfélagi sem lærir* sem átti frumkvæði að innleiðingu víddanna í íslenskt skólasamfélag. *6+1 vídd ritunar* er að hluta til byggð á bókinni *6+1 Traits of Writing* eftir Ruth Culham. Útgefandi hennar er Scholastics, sem hefur góðfúslega gefið *SÍSL* leyfi til að þýða og staðfæra hluta bókarinnar. Með bókinni fá kennarar í hendur öflugt tól til að kenna nemendum ritun á skapandi hátt ásamt því að meta árangur þeirra.

Bókin fjallar um ritunarferlið út frá 6+1 vídd, allt frá hugmyndavinnu til frágangs. Víddirnar 6+1 eru grunnur að matslíkani og viðmiðum sem Education Northwest, áður NREL Northwest Regional Educational Laboratory, notar til að skilgreina eiginleika góðra ritverka á mismunandi stigum. Líkanið ásamt viðmiðunum eru notuð í nánast öllum fylkjum Bandaríkjanna og í fjölmörgum öðrum löndum.

Árið 2009 kom hingað til lands, í boði *SÍSL*, Jan Littlebear sérfræðingur á vegum NREL. Ástæðan fyrir komu Jan Littlebear til landsins var m.a. tilraun til að aðstoða kennara við að koma betur til móts við námsparfir nemenda með íslensku sem annað tungumál sem og annarra nemenda. Á námskeiði sem Jan hélt þjálfaði hún fyrsta íslenska hópinn í 6+1 vídd ritunar. Í hópnum voru auk verkefnisstjóra og sérfræðingateymis *SÍSL*, kennarar og aðrir fulltrúar leik-, grunn- og framhaldsskóla á Akranesi. *SÍSL*, í samstarfi við Fjölskyldusvið Akraneskaupstaðar, hafði veg og vanda af kostnaði og skipulagi námskeiðsins sem var umfangsmikið og stóð yfir í þrjá daga.

Sérstaða 6+1 víddar felst í að skoða ritunarferlið í ljósi sjö vídda, en þær eru **hugmyndir, skipulag, rödd, orðaval, setningaflæði, rithefðir og framsetning**. Víddirnar gera kennurum og nemendum kleift að tala um eðli og einkenni ritunar á auðskilinn og merkingarbæran hátt og að skilgreina og þekkja hvernig gott ritverk hljómar og lítur út. Í stað þess að meta ritun einungis út frá víddinni rithefðir sem snýr að málfræði og stafsetningu, eru notaðar leiðir til að meta alla þætti ritunar. Á þann hátt gefst nemendum tækifæri til að láta ljós sitt skína og jafnvel skara fram úr í ritun á forsendum annarra þátta en aðeins stafsetningar og málfræði. Kennarar ræða við nemendur um ritunarverkefnin á meðan þau eru í smíðum og meta þau út frá matsrömmum 6+1 víddar. Nemendurnir fá þannig tafarlausa og einstaklingsmiðaða endurgjöf frá kennaranum.

Ritunarnálgunin sem um er fjallað í bókinni gagnast við kennslu allra námsgreina þar sem ritunar er krafist. Áhersla er m.a. lögð á mismunandi tilgang, tegundir, framsetningu og eðlisþætti ritunar. Kennarar sem fá þjálfun í að nota 6+1 vídd ritunar munu í kjölfarið verða meðvitaðri um hagnýtar leiðir til að meta ritunarverkefni nemenda og styrkjast í matsferlinu, sama hvaða grein þeir kenna. Birt eru ritunardæmi nemenda til skýringar. Nánari upplýsingar um 6+1 vídd ritunar má nálgast hér: <http://tungumalatorg.is/sisl/>

Reykjavík 30. apríl 2013

Hulda Karen Daniëlsdóttir, verkefnisstjóri

Efnisyfirlit

Inngangur	7
Viddirnar: Orðaforði um ritun	7
Saga víddanna	7
6+1 vídd ritunar	9
Stuttar skilgreiningar	9
Kostir 6+1 víddar ritunar	9
Framkvæmd mats	10
Framfarir eins nemanda	10
Samþætting leiðbeininga og mats á ritverkum	12
Endurskoðun og prófarkalestur	12
Ritunarferlið	12
Dæmi um endurskoðun	14
Hvernig við kennum byrjendum 6+1 vídd ritunar	15
Sex mikilvægar ábendingar	15
Nemendur skoða verk sín	18
Hvernig byrjum við?	21
Vinnulag – grunnreglur	22
Hugmyndir	23
Skipulag	29
Rödd	35
Orðaval	41
Setningaflæði	47
Rit hefðir	53
Framsetning	59
Viðauki I - TS HLUSS	65
Viðauki II – Íslensk ritunardæmi	79

Inngangur

Víddirnar: Orðaforði um ritun

6+1 vídd ritunar felur í sér fleira en aðferð til að kenna og meta ritun. Í nálguninni felst orðaforði sem kennarar nota til að lýsa eiginleikum góðs ritverks af hvaða toga sem er. Saga um sérvitrán tónlistarkennara, ritgerð um áhrif hlýnunar jarðar eða áróðursgrein (sannfærandi ritun) um hvers vegna bækurnar um Harry Potter eigi að vera til á öllum skólabókasöfnum þurfa að búa yfir tilteknum eiginleikum til þess að textinn þjóni tilgangi sínum. Þessir eiginleikar eru: **hugmyndir, skipulag, rödd, orðaval, setningaflæði, rithefðir og framsetning**. Með því að nota tungumál víddanna tileinkum við okkur sameiginlegan orðaforða þegar við fjöllum um og vinnum með texta sem nemendur skrifa.

Saga víddanna

Snemma á níunda áratugnum tóku áhugasamir og hugmyndaríkir kennarar í nokkrum fylkjum Bandaríkjanna sér fyrir hendur að rannsaka hvaða þættir það eru sem einkenna góð ritverk. Þeir voru sannfærðir um að finna mætti betri leið til að meta ritverk nemenda heldur en þá sem notuð hefur verið og lætur aðeins í té upplýsingar um þekkingu nemenda á reglum og uppbyggingu tungumálsins en engar um færni þeirra í ritun.

Rannsóknir kennaranna leiddu þá á slóðir Pauls Diederich (1974) sem hafði gert umfangsmikla könnun á því hvað leikum og lærðum þætti góð og slæm ritun. Út frá niðurstöðum könnunarinnar tókst honum að skilgreina fimm þætti sem almennt þóttu einkenna góð ritverk. Segja má að skilgreiningar Diederichs hafi í raun lagt grunninn að nálguninni 6+1 vídd ritunar.

Fljótlega gengu rannsakendur hjá NWREL (Northwest Regional Educational Laboratory) til liðs við kennarana og hófust handa við að búa til **matskvarða/matslista** fyrir ritun sem miðast við víddirnar sex. Leiðarljósið í þeirri vinnu var að matskvarðinn tæki á öllum víddunum, væri áreiðanlegur og síðast en ekki síst þægilegur í notkun bæði fyrir kennara og nemendur.

Í tvo áratugi fóru fram stöðugar rannsóknir, útfærslur og endurbætur á matskvörðunum og nálguninni í heild. Fullyrða má að hundruð þúsunda ritverka nemenda í 3.-10. bekk hafi verið flokkuð og metin við þróunarvinnuna sem liggur að baki matskvarðanum sem verður kynntur hér í handbókinni.

6+1 vídd ritunar

Stuttar skilgreiningar

Hugmyndir: Í hugmyndinni felst innihald textans – kjarni skilaboðanna.

Skipulag: Skipulag er innri uppbygging textans, merkingarþráðurinn, rökrænn búningur hugmyndarinnar.

Rödd: Röddin er sál textans. Það er röddin sem gerir verk höfundarins einstakt enda opinberar hún tilfinningar hans og sannfæringu. *Allir hafa einstaka rödd.*

Orðaval: Orðaval er framúrskarandi þegar það hefur að geyma ríkulegt, litríkt og nákvæmt tungutak sem hrífur og upplýsir lesandann.

Setningaflæði: Setningaflæði er streymi tungumálsins, hljómur orðanna – hvernig textinn kitlar – ekki aðeins augun heldur eyrun líka.

Rit hefðir: Rit hefðir segja til um hvort textinn samræmist reglum – hversu nákvæmlega höfundurinn fylgir málfræðireglum og ritvenjum.

+1. Framsetning: Framsetning snýst um frágang og fagaða uppsetningu – að textinn gleðji auga lesandans.

Kostir 6+1 víddar ritunar

Aðferðin 6+1 vídd ritunar er í senn greining og mat, aðferð til að skoða meginþætti ritverka og meta hvern þátt fyrir sig. Allt frá því að aðferðin leit dagsins ljós hefur hún reynst öflugt verkfæri til að veita nemendum endurgjöf um frammistöðu þeirra í ritun enda hefur hún ótvíræða kosti framyfir þær takmörkuðu upplýsingar sem ein einkunn gefur. Markmiðið með þróun aðferðarinnar var að smíða tól til að greina og bregðast við ritverkum sem fæddi af sér sameiginlegan orðaforða um ritun – tungumál víddanna. Víddirnar gera bæði þeim sem les og þeim sem skrifar kleift að greina styrkleika og veikleika verksins á leið þess í gegnum ritunarferlið. Með því að skilgreina nákvæmlega eiginleika góðra ritverka og aðstoða kennara við að nota þá þekkingu í kennslustofunni tryggir aðferðin að nemendur fái gagnlega endurgjöf í gegnum ritunarferlið.

Við notum greiningu og mat til þess að:

- þróa sameiginlegan skilning á því hvernig „gott“ lítur út.
- nota sameiginlegan orðaforða til að lýsa eiginleikum ritunar.
- æfa samræmt og áreiðanlegt mat.

Þá getum við:

- notað niðurstöður matsins til að veita nemendum gagnlega endurgjöf.
- fléttað saman mati og leiðbeiningum til að auka gæði ritunarkennslu.

Allir höfundar ritverka þurfa skilmerkilega og afdráttarlausa endurgjöf, sama á hvaða stigi ritverk þeirra er. Það er mikilvægt að útskýra fyrir nemendum, eða hjálpa þeim að uppgötva sjálfir, hvers vegna ritverk þeirra er vel eða miður vel heppnað og hvernig megi gera það enn betra. Við viljum að þeir sem skila góðu ritverki átti sig á því að það er ekki hrein tilviljun, og þeir geri sér ljóst hvaða víddir verksins eru vel heppnaðar, geti þeir endurtekið leikinn aftur og aftur. Við viljum að þeir sem eiga í basli með ritunina átti sig á því að það er erfitt að skrifa en ef þeir vita að hverju þeir stefna og fá heiðarlega og hnitmiðaða endurgjöf þá muni verk þeirra batna með hverri tilraun – og það er heldur ekki tilviljun.

Matið gefur aðeins vísbendingu um stöðu ritverksins hverju sinni. Það er ekki endanlegt mat á ritunargetu nemandans. Við notum matið til að örva samtal milli lesandans og þess sem skrifar. Ef samræðurnar leiða til dálítilla umbóta á ritverkinu með hverjum drögum þá er ekki til lítills unnið. Ef nemandinn getur síðan viðhaldið framförum sínum frá einu verki til annars þá er það stórkostlegt.

Allir nemendur eiga sína góðu og slæmu daga í ritun. Tilgangur matsins er að veita þeim uppbyggilega endurgjöf um frammistöðuna í einni eða fleiri víddum í því augnamiði að bæta ritverkið. Þegar við ryðjum brautina á þennan hátt grípur ritgleðin nemendur og þeir öðlast ákveðið frelsi til að prófa nýjungar, gera tilraunir og þenja mörkin. Víddirnar láta okkur í té orðaforða til að ljá þeim slíkt frelsi.

Framkvæmd mats

Framfarir eins nemanda

Að hausti voru nemendur þriðja bekkjar í skóla einum í Bandaríkjunum beðnir um að skrifa um eitthvað áhugavert sem þeir hefðu gert um sumarið. Hanna skrifaði eftirfarandi algjörlega hjálparlaust:

Sumarfrí

Ég fór til Ohio í sumarfríinu. Ég heimsótti Margréti ömmu mína. Ég fór á ættarmót. Ég hitti Siggu frænku, ömmu Dísu og tvíburana, Kötu og Jóa.

Það er auðvelt að sjá fyrir sér hvernig Hönnu hefur gengið að koma frá sér þessum texta. Enda þótt umfjöllunarefnið sem hún valdi hafi eflaust búið yfir fullt af áhugaverðum atriðum og sögum átti hún í erfiðleikum með að fanga þær í textann. Það eina sem við fáum er blápráðurinn um heimsókn til Margrétar ömmu. Þetta er upphafsverk, byrjandaverk í öllum víddunum. Hanna þarf að öðlast sjálfstraust og getu til að lýsa sumarfríinu, til að laða fram myndir í hugum lesenda af atburðum, fólki, stöðum sem hún heimsótti og einkum og sér í lagi hvers vegna þeir höfðu þýðingu fyrir hana.

Nú skulum við skoða texta sem Hanna skrifaði í mars á sama skólaárinu. Að þessu sinni fékk hún þau fyrirmæli að skrifa um eitthvað sem hún væri sérstaklega fær í að gera. Þessi texti var líka skrifaður hjálparlaust.

Pizzuæði

Uppáhaldsmaturinn minn er pizza! Ég ætla að segja ykkur frá því hvernig pizza er búin til! Mín uppáhaldstegund af pizzu inniheldur: stökkan botn; rauða tómatsósu, hvítan, rifinn mozzarella ost, glansandi, svartar ólífur, stökkar beikonsneiðar og pepperoni. Hér á eftir lærið þið hvernig á að búa til æðislega pizzu!

Fyrst takið þið pizzubotninn úr pokanum. Næst smyrjið þið rauðu tómatsósunni vandlega yfir botninn. Síðan dreifið þið rifna, hvíta mozzarella ostinum yfir sósuna. Þar næst skerið þið ólífurnar í pínulitla bita. Og dreifið þeim yfir ostinn.

Síðan myljið þið beikonið í litla bita. Dreifið þeim á pizzunar. Næst setjið þið brúnar pepperonisneiðar yfir síðast. Síðan skuluð þið láta einhvern fullorðinn setja pizzuna inn í 200 gráðu heitan ofn. Að lokum skuluð þið fara mjög varlega og skera pizzuna í átta sneiðar. Viola! Nú eruð þið komin með sjóðheita pizzu!

Vitið þið núna hvernig á að búa til uppáhaldsmatinn minn? Ef þið gerið það þá er það frábært! Passið bara upp á að baka pizzuna ekki of lengi! Ef þið gerið það þá brennur hún. Þá er hún ekkert sérstaklega góð! Gleymið ekki að drekka diet kók með henni. Það passar frábærlega með þessari máltíð.

Munurinn á verkum Hönnu, annars vegar í september og hins vegar í mars, er sláandi. Í seinna verkinu lesum við ítarlega og glaðlega frásögn af því hvernig á að búa til pizzu. Hún er auðug af nákvæmum lýsingum og litríku orðfæri sem fullkomna hugmyndina. Hrifning Hönnu á viðfangsefninu er smitandi – það leynir sér ekki að það skiptir hana máli að við, lesendurnir, „náum þessu“. Þetta er sannkallað aðalsmerki raddar í ritverki. Enda þótt fyrra ritverk Hönnu væri of stutt til þess að hægt væri að átta sig á getu hennar hvað varðar rithefðir þá leiðir seinna verkið í ljós að hún er á góðri leið með að nota þær á árangursríkan hátt. Hins vegar þarf Hanna greinilega að læra að reiða sig ekki um of á orð eins og „fyrst“, „næst“ og „síðan“. Um leið og bætt verður úr skipulagi verksins verða setningarnar líka læsilegri. Fáa Hanna skilmerkilega endurgjöf og tækifæri til að prófa nýjar leiðir sem styrkja skipulagsvæddina verður hún í góðum málum.

Mat á ritverkum Hönnu

	Hugmyndir	Skipulag	Rödd	Orðaval	Setningaflæði	Hefðir
September	2	2	1	2	2	2
Mars	5	4	5	5	4	4

Hér fyrir ofan má sjá framfarir Hönnu á tímabilinu, þar sem hún er metin á kvarðanum 1-5. Eins og alltaf var aldur nemandans og staða í námsferli ritunar höfð í huga þegar metið var.

Á kvarðanum endurspeglar 1 ritunarfærni á algjöru byrjunarstigi en 5 er vísbending um frábæra frammistöðu. Kvarðinn sem hér er vísað til er notaður í þessari bók til að meta nokkur íslensk ritunardæmi. Í köflunum um hverja vídd má sjá hvað tölurnar tákna nákvæmlega á tungumáli víddanna.

Sambætting leiðbeininga og mats á ritverkum

Enda þótt umfjöllunarefni þessarar bókar sé lýsing á því hvernig við sambættum leiðbeiningar til nemenda og mat á ritverkum þeirra nægir ekki að einblína á matskvarða og koma sér upp safni af góðum verkefnum. Matið og leiðbeiningarnar eru þættir í ferli sem mikilvægt er að hafa í huga til að missa ekki sjónar á tilganginum með ritunarkennslunni. Munið að við erum að kenna nemendum ritun en ekki bara víddir ritunar.

Nemendur þurfa að læra um mismunandi tilgang ritunar og hvaða snið hæfir hverju verki. Í viðauka I í þessari handbók er að finna hjálpartæki í ritunarkennslu sem hefur hlotið nafnið TS HLUSS á íslensku. Þar er tilgangur ritunar flokkaður í **lýsandi ritun**, **frásögn**, **skapandi ritun**, **skrásetningarritun/útskýringar** og **sannfærandi ritun**. Mælt er með að kennarar notfæri sér þetta hjálpartæki þegar þeir gefa nemendum fyrirmæli um ritunarverkefni enda er það talið auka skilning þeirra á eðli og einkennum ritunar.

Víddirnar eru aftur á móti tungumálið sem við notum til að tala um mismunandi þætti sem einkenna góð ritverk en þær ná ekki yfir allt sem kennarar gera til að ná árangri í ritunarkennslunni. Hér á eftir verður fjallað um það hvernig víddirnar falla inn í stóru myndina, sjálft ritunarferlið.

Endurskoðun og prófarkalestur

Fyrir þá sem ætla sér að nota nálgunina 6+1 vídd ritunar í kennslu er lykilatriði að gera greinarmun á endurskoðun (e. revision) annars vegar og prófarkalestri (e. editing) hins vegar. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hversu mikilvægur endurskoðunarpátturinn í ritunarferlinu er í vinnunni með langflestar víddirnar.

Ritunarferlið

Undirbúningur ritunar

Endurskoðun, drög

Hugmyndir

Skipulag

Rödd

Orðaval

Setningaflæði

Prófarkalestur

Ritthefðir

- stafsetning
- notkun hástafa
- punktar
- málfræðireglur
- málsgreinar

Framsetning

Afhending

Það krefst allt annars konar heilastarfsemi að átta sig á því að það þurfi að bæta við lýsingu, velja annað orð eða endurskrifa byrjun texta heldur en að leita að stafsetningarvillum eða læra að eiginhöfn hefjast á stórum staf. Með því að aðskilja þessa tvo mikilvægu þætti ritunarferlisins og skilgreina þá nákvæmlega svo að nemendur (og kennarar) geti unnið með þá á hnitmiðaðan og árangursríkan hátt er búið að ljúka upp einum helsta leyndardómi ritunar.

Það má hugsa sér að endurskoðun felist í því að taka hugmyndina og þróa hana áfram þangað til hún verður kristaltær. Bæta við hugmyndina áhugaverðum og mikilvægum atriðum, koma henni á framfæri á skýran og skilmerkilegan hátt, finna rödd sem hentar verkinu fullkomlega, nota athyglisverðustu og nákvæmustu orðin og raða þeim saman í vel mótaðar setningar og efnisgreinar þannig að textinn fái enn dýpri merkingu.

Það getur verið mjög erfitt að endurskoða ritverk. Við bætum við lýsingum, færum texta fram og til baka, endurskrifum setningar og hlustum á trúverðugleika raddarinnar. Við bókstaflega tökum hugmyndina og þróum hana áfram þar til hún er fullsköpuð og skilaboðin alveg skýr.

Flestir nemendur kunna ekki að endurskoða texta, enda krefst það þess að þeir sjái aðskiljanlega hluta hans, komi auga á þættina sem mynda heildina. Þessir þættir ritverksins eru víddirnar. Það er hægt að greina hverja og eina vídd en samt sem áður eru þær samofnar í þéttum vef. Endurskoðunin getur ekki hafist fyrr en við höfum kennt nemendum að greina víddirnar, meta áhrif hverrar víddar í ritverkum sínum, og láta þeim í té verkfæri sem styrkja þá í notkun víddanna.

Prófarkalestur má hins vegar hugsa sér sem eins konar hreingerningu. Það þarf að leiðrétta stafsetningarvillur, gæta þess að málfræði og greinarmerkjasetning sé rétt, að setja greinaskil á rétta staði og stóra stafi á eftir punktum. Tilgangurinn með prófarkalestri er sá að gera textann aðgengilegan fyrir lesandann með því að fylgja reglum og rithefðum.

Það er mjög mikilvægt að gæta nákvæmni í notkun þessara tveggja hugtaka þegar unnið er með víddirnar. Þegar verið er að vinna með hugmyndina svo dæmi sé tekið, móta hana, endurhugsa og þróa hana áfram skal nota hugtakið *endurskoðun*. Þegar hins vegar er verið að tala um að hreinsa til í textanum eins og prófarkalesari gerir þá á að nota hugtakið *prófarkalestur*.

Dæmi um endurskoðun

Sheena er 15 ára nemandi í íslenskum skóla. Hún er frá Filippseyjum en hafði búið á Íslandi í nokkur ár þegar hún skrifaði textann sem hér fer á eftir. Fyrirmælin voru svohljóðandi: Skrifaðu u.þ.b. 150 orð um áramót. Mundu að hafa upphaf, meginmál og lokaorð. Notaðu greinaskil. Gefið er fyrir byggingu, málfar og stíl. Vandaðu skrift og frágang. Gefðu frásögninni heiti.

Ég og fjölskyldu min fór í Keflavík og eftir, við förum heim að horfa fjöldeldrar af því þabba min vinur sagði það er flott fjall að horfa fjöldeldrar svo við förum þaðna og horfa fjöldeldrar, það var mikið fólk að horfa líka og þau springja fjöldeldrar. Eftir að horfa fjöldeldrar við för heim að borða og við horfa mynd eftir og þar er áramót mín.

Sheena

Að viku liðinni ræddi kennarinn við Sheenu með það fyrir augum að hún endurskrifaði textann. Umræðan snerist um hugmyndina, smáatriði sem skipta máli og um röddina hennar, sem væri alveg einstök.

Kennarinn spurði Sheenu nánar út í hvernig þessi sérstaki dagur hefði verið. Leiðrétti orðið fjöldeldrar (þótt það væri frábært orð) í flugeldar. Í sameiningu bjuggu kennari og nemandi til orðalista yfir það sem Sheena sagði frá og hún var áminnt um að hafa fyrirsögn. Kennarinn aðstoðaði síðan Sheenu við að búa til upphafssetninguna með það í huga að eftirvænting vaknaði hjá lesara.

Árangurinn lét ekki á sér standa og ritverkið tók miklum framförum í þrem víddum, hugmynd, rödd og orðavali, þegar Sheena endurritaði það.

Áramót

Nýja árið mitt var alveg frábært, við förum til Keflavíkur að hitta vini mömmu minnar. Við komum í húsið þeirra og þar var barn frænku minnar, hún var mánaða gömul, ég held. Hún var bústinn og sæti og hún gerir er skýtin hljóð og það gera bara þú varðst að hlægja. Við förum heim kl. 11:00. Eftir að við förum heim til Reykjavíkur og að pabbi minn var að keyra við gátum séð alla flugelda. Það var falleg. Þegar við komum til Reykjavíkur það var hægt að sjá flugelda all staðar Það var æðislegt og of mikill. Og þá pabbi minn sagði að það er þetta fjall sem þú gætir séð alla borgina með flugelda við förum þangað og það var margar bílar við hliðina á fjallinu og fólk að horfa á og skjóta flugelda í loftinu, horfa á okkur þar til við vorum ánægð og eftir að horfa á flugelda förum heim til að fagna nýja árinu (New Year's Eve)

Sheena

Hvernig við kennum byrjendum 6+1 vídd ritunar

Sex mikilvægar ábendingar

- 1** → **EKKI Hafa áHYGGJUR AF TÖLUM**
- 2** → **HJÁLPAÐU NEMENDUM AÐ BYGGJA UPP ORÐAFORÐA UM RITUN**
- 3** → **HORFÐU Á ÞAÐ SEM ER TIL STAÐAR, EKKI ÞAÐ SEM VANTAR**
- 4** → **LESTU, LESTU OG LESTU SÍÐAN MEIRA**
- 5** → **EKKI KREFJAST ÞESS AÐ NEMENDUR ENDURSKOÐI TEXTA EN VERTU GÓÐ FYRIRMYND**
- 6** → **HORFÐU Á RITUN FRÁ VÍÐU SJÓNARHORN**

1. EKKI Hafa ÁHYGGJUR AF TÖLUM

Lykillinn að góðu mati á þessu stigi er að hafa vakandi auga fyrir framförum. Lýstu því sem þú sérð en ekki hafa áhyggjur af því að setja fram mat í tölum. Tungumálið segir meira en tölur. Hins vegar getur verið gagnlegt að skrá jafnóðum hjá sér aukna færni hvers nemanda. Tímabært er að setja matið fram í tölum þegar nemendurnir sjálfir geta túlkað hvað tölurnar merkja.

2. HJÁLPAÐU NEMENDUM AÐ BYGGJA UPP ORÐAFORÐA UM RITUN

Notaðu hvert tækifæri sem gefst til að tala um „skýrar hugmyndir“, „tilfinningaríkt mál“ (rödd), „athyglisverða byrjun/endir“ (skipulag), „orðin þín hjálpa manni að sjá hlutina fyrir sér“ og svo framvegis. Notaðu tungumál víddanna þegar þú talar um bækur og önnur ritverk sem þú lest upphátt og þegar þú bregst við ritverkum nemenda eða fjallar um eigin ritverk. Hjálpaðu nemendum að byrja að hugsa eins og rithöfundar. Færðu þeim orðaforða til að ræða saman eða við þig um ritverk sín.

3. HORFÐU Á ÞAÐ SEM ER TIL STAÐAR, EKKI ÞAÐ SEM VANTAR

Skoðaðu það sem er til staðar en ekki einblína á það sem vantar. Það er engin hætt á að ofmeta eða samgledjast of mikið. Allir höfundar vilja að verk þeirra séu metin. Einbeittu þér að því að skoða raunverulegar framfarir hvers nemanda og taktu eftir greindinni sem felst í „villunum“. Þá verða viðbrögð þín bæði einlæg og hvetjandi. Ekki ergja þig yfir því sem hefur enn ekki gerst. Það gerist með tíð og tíma. Það sem við köllum „mistök“ er oft upphafið að framförum.

4. LESTU, LESTU OG LESTU SÍÐAN MEIRA

Notaðu textana sem eru allt um kring til að tala um hvað virkar og hvað ekki. Talaðu um bækurnar sem þú lest fyrir nemendur. Hvað viltu að nemendum líki eða mislíki? Hvað mislíkar þér? Tengdu athugasemdir þínar við víddirnar: „Hafið þið tekið eftir hvernig sumar bækur hafa þau áhrif að mann langar að lesa áfram? Það er til orð yfir slík áhrif og það er RÖDD.“ Notaðu ljóð, bréf frá vinum, blaðagreinar, leiðbeiningarnar með nýju heimilistæki, leiðarlýsingu að stað sem þú hafðir ekki komið til áður (fannstu hann auðveldlega?), umfjöllun um þætti í sjónvarpsdagskránni, mataruppskriftir, matseðla, bæklinga sem koma inn um lúguna. Fjölbreytt efni héðan og þaðan. Lestu textana upphátt og talaðu um þá svo að nemendur taki eftir því að sumir eru miklu betri en aðrir.

5. EKKI KREFJAST ÞESS AÐ NEMENDUR ENDURSKOÐI TEXTA EN VERTU GÓÐ FYRIRMYND

Þegar þú notar eigin skrif sem fyrirmynd skaltu lesa textann upphátt. Ræddu síðan um hvernig þú ætlar að endurskoða hann. Þú gætir til dæmis sagt: „Ég er ekki orðin(n) ánægð(ur) með hugmyndirnar ennþá. Ég held ég þurfi að segja betur frá því hvers vegna ég var svona hrædd(ur) við hundinn. Ég er ekki viss um að lesendur átti sig á því eins og sagan er núna, hvað haldið þið?“ Þetta nægir alveg. Komdu því bara hægt og bítandi á framfæri að höfundar endurskoði textann sinn. Deildu síðan endurskoðuðum

texta með nemendum en ekki gefa til kynna að þú hafir „lagfært“ textann. Nemendur þurfa að átta sig á að í endurskoðun felist „ný sýn“ á textann, að eitthvað sé gert hnitmiðað, að athygli sé vakin á litlum atriðum sem geta farið framhjá lesendum við fyrstu sýn. Stundum getur endurskoðun falist í því að höfundur útvíkki upphaflega hugmynd vegna þess að honum hugkvæmast fleiri atriði í annarri umferð eða dettur eitthvað nýtt í hug sem hann vill að lesendur/hlustendur þurfi eða vilji vita.

6. HORFÐU Á RITUN FRÁ VÍÐU SJÓNARHORNÍ

Börnin herma eftir ritun með kroti og það sýnir að þau átta sig á mikilvægi og gildi ritunar. Myndir eru fullgilt form boðskipta (og verða einstaklega fágaðar í höndum höfunda/listamanna sem halda áfram að nota þær). Yngstu nemendurnir læra ritun fyrst með hlustun, með því að hlusta og bregðast við sögum og alls konar öðrum textum. Taktu eftir hæfileikum þeirra til að hlusta með gagnrýni, og til að deila því sem snertir þá sérstaklega eða hreyfir við hugmyndafluginu.

Fáðu nemendur til að hugsa og gera áætlanir með þér. Áætlanir eru líka ritunarform, þótt það sé aðeins þú sem heldur á blýantinum! Skrifaðu bréf, skilaboð, minnislista, þakkarkort. Láttu þá taka þátt í hönnunarferlinu. Ræddu um innihald. Veldu orð með þeim. Talaðu um lengd, byrjanir, niðurlag, spurningar sem lesendur kunna að spyrja. Láttu þá myndskreyta með þér sumt sem þú skrifar (frábær leið til að undirbyggja hæfni í hugmyndavíddinni og skipulagsvíddinni).

Nemendur skoða verk sín

Ákjósanlegt er að efla sjálfstæði nemenda alveg frá byrjun og hvetja þá til að skoða sjálfir ritverk sín út frá víddunum. Ein góð leið til þess er að útbúa veggspjöld um hverja vídd á nemendavænu máli og hengja þau upp í stofunni. Þannig eru helstu atriðin alltaf fyrir augum nemenda til að minna þá á hvað skiptir mestu máli. Hér á eftir eru dæmi um hvernig svona veggspjöld geta litið út. Langbest er að kennari og nemendur útbúi þau saman.

HUGMYNÐIR

- Er þetta góð hugmynd hjá mér?
- Hvað er ég að reyna að segja?
- Er það sem ég er að reyna að segja skýrt?
- Reyndi ég að gera það áhugavert?
- Er ég með nóg af upplýsingum?



RÖDD

- Á ég virkilega rödd?
- Hljómar þetta eins og ég hafi skrifað það?
- Er ég ánægð/ur með þetta?
- Finnst mér þetta góð skrif?
- Hvernig vil ég að lesendur upplifi skrifin mín?
- Mér finnst _____ flottast hjá mér.



ORÐAVAL

- Notaði ég einhver orð sem mér finnst frábær?
- Skilur lesandinn hvað orðin mín þýða?
- Notaði ég einhver NÝ orð?
- Passaði ég að endurtaka ekki sömu orðin aftur og aftur?



SEIÐNINGAFLÆÐI

- Skrifaði ég heilar setningar?
- Byrja setningarnar á mismunandi vegu?
- Er ég með bæði langar og stuttar setningar?
- Hljómar textinn vel þegar ég hlusta á hann?



RITHEFÐIR

- Er ég með bil á milli orða?
- Er titill á ritverkinu mínu?
- Setti ég punkta og spurningarmerki?
- Notaði ég stóra stafi á réttum stöðum?
- Er auðvelt að lesa textann minn?



Hvernig byrjum við?

Einbeittu þér að þeirri vídd sem hentar þér. Það er ekkert lögmál sem segir að nauðsynlegt sé að byrja á einhverri ákveðinni vídd. Margir telja heppilegt að byrja á hugmynd en aðrir kjósa að byrja á rödd þar sem sú vídd gefur öllum nemendum opið rými sem ekki krefur þá um neina sérstaka þekkingu eða hugmyndauðgi.

Enda þótt við einbeitum okkur að einni vídd erum við um leið að styrkja margar aðrar víddir. Þó að við séum ekki að meta þær getum við bent á góða punkta, til dæmis sagt „fín hugmynd, þú leiðir hana vel í gegn“ eða „þú notar stóran og lítinn staf alveg rétt“. Með því að orða hlutina á tungumáli víddanna getur innleiðing hverrar víddar orðið umfangsminni en ella.

Vertu alltaf með tiltækar bækur eða önnur ritverk til að lesa upp úr fyrir nemendur til að benda þeim á einkenni víddanna og gefa þeim góðar/slæmar fyrirmyndir. Notaðu mjög góða texta og mjög lélega þangað til þú ert viss um að nemendur skilji hvað þú ert að tala um þá er tímabært að kynna til sögunnar miðlungsgóða texta.

Láttu hvern nemanda búa til sína eigin safnmöppu til að geyma í allt sem hann skrifar. Það þarf ekki að gera alla texta hæfa til útgáfu. Hægt að nota það sem geymt er í safnmöppu aftur og aftur – sömu drög geta nýst í ólíkum tilgangi. Ekki er ætlast til að öll verk fari í lokavinnslu – nemendur geta valið hvaða drög þeir halda áfram með í lokavinnslu.

Þegar nemendur skrifa að tilmælum kennara er það hann sem þeir sjá fyrir sér sem lesara og reyna að þóknast honum. Höfundaverkin líða gjarnan fyrir það. Það þarf að hjálpa nemendum að hugsa sér einhverja allt aðra lesara og útgáfustaði og skrifa með þá í huga.

Vinnulag – grunnreglur

1. *Notaðu ekki ritunarverkefni frá nemendum þínum sem sýnishorn*

Til að byrja með er mikilvægt að nemendur þekki ekki höfundinn svo að þeir geti leyft sér að vera heiðarlegir í mati sínu, þurfi ekki að hugsa um tilfinningar þess sem ritar ef þeir vilja meta verkeið lágt.

2. *Notaðu sýnishorn sem eru annaðhvort mjög slæm eða mjög góð miðað við víddina sem er til umfjöllunar*

Það er hættara við að nemendur verði mjög óöruggir ef þeir sjá meðalgóða ritun sem stundum fellur inn í rammann en stundum ekki.

3. *Vinna við aðeins eina vídd í einu*

Það er mjög líklegt að ritverk sem skorar hátt í einni vídd geri það einnig í fleiri víddum. Þess vegna er gott að nota sama ritverk sem sýnishorn fyrir mat á annarri vídd seinna þegar um hana er fjallað. Góð ritun byggist á að nota sem best allar víddirnar.

4. *Lestu upphátt öll sýnishornin sem þú kynnir*

Nemendur læra víddirnar fyrr ef þeir bæði sjá og heyra. Það eflir einnig málfærni. Þeir verða að fá tækifæri til að ræða saman, skiptast á hugmyndum og heyra tungumálið. Þegar þú lest upphátt heyrir oft einhver eitthvað sem öðrum yfirsést. Sá hinn sami verður í hlutverki kennara á því augnabliki.

5. *Lestu og gerðu mat á öllum rituðum textum áður en þú kynnir þá fyrir nemendum*

Þú þarft að vera búin(n) að ákveða hvaða sérkenni textans þú vilt að nemendur þínir taki eftir.

Það er allt í lagi að nota texta sem yngri nemendur hafa skrifað, það er oft einfaldara að meta þá. Stuttir textar eru betri en langir.

Mundu að byrja með mjög góða og mjög slæma texta, það gerir matið skýrara.

HUGMYNDIR



**Hafa þarf eftirfarandi atriði
í huga varðandi hugmyndir:**

Skýra og þrengja umfjöllunarefnið

Snjallar og líflegar hugmyndir

Skýr tilgangur

Innihald og nákvæmni

Frumleg hugsun

Skilgreining

Með hæfilegri einföldun má segja að hugmyndir séu innihald ritverksins. Þegar hugmyndirnar eru sterkar eru meginskilaboðin skýr en ekki óljós. Við þurfum að hjálpa nemendum að:

- Velja hugmynd (stundum setjum við ákveðið efni fyrir en stundum ekki).
- Þrengja hugmyndina (fókus).
- Útfæra hugmyndina.
- Átta sig á með hvaða upplýsingum meginhugmyndinni er best komið til skila (smáatriðin).

Í þessu ferli öðlast nemendur hæfni góðs höfundar: Þeir byrja á því að fara frá hinu almenna til hins sértæka. Þeir veita athygli því sem öðrum sést yfir. Þeir lýsa smáatvikum lífsins, hinu hversdagsleg, á einstakan hátt. Þegar þetta gerist eru þeir komnir af stað. Þeir hafa eitthvað mikilvægt að segja í skrifum sínum sem kemur frá þeim einum og engum öðrum. Hugmyndir þeirra öðlast líf. Hægt er að kenna hæfnispættina sem nefndir eru hér fyrir ofan og það ætti að gera. Þegar þú hefur metið hugmyndaávikkið í ritverki nemanda getur þú hjálpað honum að bæta sig í hverjum og einum þætti eins og þarf.

Hugmyndir – verkefni

Undirbúningur	Æfing	Umræður
Skrifaðu á töfluna: Hvers vegna ég er ekki með heimavinnuna.	Listaðu upp nokkrar hugsanlegar ástæður fyrir því að vera ekki búin með heimavinnuna tímanlega. Láttu nemendur bæta við listann. Hvettu nemendur til að vera hugmyndaríka.	Ræðið hvernig skapandi hugmyndir gera efnið „skemmtilegra“.
Skrifaðu á töfluna: Hvers vegna ég kom of seint í skólann.	Listaðu upp hugsanlegar afsakanir. Því hugmyndaríkari, því betra.	Ræðið um það að nota hugmyndaflugið til að gera einfalt efni áhugaverðara.
Skrifaðu á töfluna: Uppáhaldið mitt.	Deildu einhverju af því sem þú heldur upp á með nemendum; stöðum, áhugamálum, mat, fólki, tónlist, bókum. Láttu þá búa til sína eigin lista.	Láttu nemendur geyma listana í möppunum sínum.

Hugmyndir – tillaga að matsramma

5	3	1
Ritverkið er skýrt og hnitmiðað. Það heldur athygli lesandans. Þýðingarmikil atriði og lýsingar auðga meginþemað.	Höfundur er byrjaður að móta umfjöllunarefni enda þótt úrvinnslan sé enn á frumstigi eða almenn.	Enn sem komið er vantar skýran tilgang eða meginþema í verkið. Til þess að ná einhverri merkingu úr textanum þarf lesandinn að draga ályktanir út frá lýsingum sem eru gloppóttar eða ekki til staðar. Verkið endurspeglar fleiri en eitt af eftirfarandi vandamálum:
A. Umfjöllunarefnið er afmarkað og viðráðanlegt. Viðeigandi atriði, sem eru sýnd frekar en lýst, og vel unnin, veita lesandanum mikilvægar upplýsingar sem eru hvorki augljósar né fyrirsegjanlegar.	A. Umfjöllunarefni er nokkuð almennt en sjá má hvert höfundur stefnir.	A. Höfundur er enn í leit að umfjöllunarefni, lætur hugann reika, eða hefur ekki ákveðið hvert meginþemað á að vera.
B. Nákvæmar lýsingar styðja við meginhugmyndirnar.	B. Tilraun er gerð til að styðja meginhugmyndina en ekki er gengið nógu langt í því að móta aðalatriðin eða söguþráðinn.	B. Upplýsingar eru takmarkaðar eða óljósar eða verkið ekki nógu langt til að greina megi umfjöllunarefni.
C. Höfundurinn virðist skrifa af kunnáttu og reynslu; hugmyndirnar eru nýstárlegar og frumlegar.	C. Hugmyndirnar eru sæmlega skýrar enda þótt þær séu ekki nógu tæmandi, persónulegar, nákvæmar eða víðar til að gefa vísbendingu um djúpan skilning eða tilfinningu fyrir tilgangi.	C. Hugmyndin er einungis endurómun af því sem fjalla á um eða svar við spurningu og ekki skeytt um smáatriði eða lýsingar.
D. Höfundur sér fyrir spurningar lesanda og svarar þeim.	D. Höfundur virðist skrifa út frá eigin þekkingu eða reynslu en á erfitt með að þróa skrifin frá hinu almenna til hins sértæka.	D. Höfundur tekst ekki að móta efnið á persónulegan hátt.
E. Innsæi, lífsskilningur og hæfileiki til að velja það sem skiptir máli er vísbending um mjög góða frammistöðu, þótt hennar sé ekki krafist.	E. Spurningum lesenda er ekki svarað. Meiri upplýsingar vantar til að „fylla upp í eyðurnar“.	E. Allt virðist jafn mikilvægt; lesandinn á erfitt með að átta sig á hvað skiptir máli.
	F. Höfundur heldur sig nokkurn veginn við efnið en mótar ekki skýrt þema. Enn beinist fókusinn að hinu augljósa.	F. Textinn er ef til vill endurtekningasamur, eða virðist vera samsafn ótengdra, handahófskenndra hugsana sem hafa enga merkingu.

Ritunardæmi metið

Höfundur er nemandi í 7. bekk. Alltaf ber að hafa í huga aldur nemanda og stöðu í námsferli ritunar þegar metið er.

Eftirminnilegur dagur

Það átti að fara að smala í Brúnavík.

Ég ætlaði út á Hafnarhjarng með Helgu á Bakka. Hún kom og sótti mig um morguninn. Síðan fórum við heim á Bakka og sóttum Týru og Bjössa. Síðan keyrðum við út í Höfn. Í leiðinni tókum við Ingibjörn og Krissa upp á Hamri. Svo komu Óli og Skúli. Svo keyrðum við upp í Hafnarskarð. Ingibjörn og Krissi voru neðstir. Ég og Helga biðum uppi á meðan hinir fóru í Þúfnavelli. Síðan þegar allar kindurnar voru komnar upp héldum við áfram inn eftir. Eftir smá stund þurfti Helga að fara að loka hliðunum en ég hélt áfram inn eftir. Allt í einu kom þoka og rigning og það varð mjög kalt. En ég hélt áfram út að Hofströnd á eftir rekstrinum. Ég þurfti að biða eftir Skúla og mér varð alltaf kaldara og kaldara, enda var ég rennandi blautur inn að skinni. Sem betur fer kom Skúli rétt áður en tennurnar fóru að glamra í mér og fór með mig niður að sveitabæ og bóndinn skutlaði okkur heim til að hafa fataskipti.

Ég fór yfir á næsta bæ og lét skutla mér aftur upp í fjall. Þar voru krakkar og ég beið með þeim eftir smölunum úr Brúnavík. Þegar allir voru komnir var réttað og dregið í sundur. Mér fannst mjög gaman að smala og þetta var besti afmælisdagurinn minn því ég var einmitt tólf ára þennan dag.

1

Enn sem komið er vantar skýran tilgang eða meginpema í verkið. Til þess að ná einhverri merkingu úr textanum þarf lesandinn að draga ályktanir úr frá lýsingum sem eru gloppóttar eða ekki til staðar. Verkið endurspeglar fleiri en eitt af eftirfarandi vandamálum:

- A. Höfundur er enn í leit að umfjöllunarefni, lætur hugann reika, eða hefur ekki ákveðið hvert meginpemað á að vera.
- B. Upplýsingar eru takmarkaðar eða óljósar eða verkið ekki nógu langt til að greina megi umfjöllunarefni.
- C. Hugmyndin er einungis endurómun af því sem fjalla á um eða svar við spurningu og ekki skeytt um smáatriði eða lýsingar.
- D. Höfundi tekst ekki að móta efnið á persónulegan hátt.
- E. Allt virðist jafn mikilvægt; lesandinn á erfitt með að átta sig á hvað skiptir máli.
- F. Textinn er ef til vill endurtekningasamur, eða virðist vera samsafn ótengdra, handahófskenndra hugsana sem hafa enga merkingu.


Hvatningarorð til nemenda

Hér eru dæmi um hvatningarorð sem hægt er að nota þegar nemandi hefur unnið vel úr hugmyndaiddinni.

- *Mér finnst fínt hvernig þér tókst að fara frá almennri umfjöllun yfir í þema.*
- *Þú lýsir staðnum svo vel að ég vildi óska þess að ég gæti farið þangað.*
- *Frábær leið til að skoða hversdagslegt efni á óvenjulegan hátt.*
- *Hugmyndin þín er hnitmiðuð og þú vinnur vel úr henni.*
- *Þú neglir meginhugmyndina alveg frá byrjun.*
- *Hljómar eins og þú hafir skrifað út frá reynslu – er það tilfellið?*
- *Fersk og frumleg hugmynd – takk!*
- *Mjög spennandi allt frá byrjun!*
- *Þú hljómar eins og sérfræðingur.*
- *Mjög finar lýsingar á smáatriðum – gott hjá þér!*
- *Segir mér meira um ...*
- *Þú þekkir þetta efni vel. Góður fókus.*
- *Ég get séð þetta fyrir mér!*
- *Þetta er einstök leið til að skoða þetta efni.*
- *Myndin sem þú dregur upp gefur góða innsýn í þetta efni.*



SKIPULAG



**Hafa þarf eftirfarandi atriði
í huga varðandi skipulag:**

Áhugaverð byrjun

Vel ígrundaðar tengingar

Rökrétt efnisskipan

Vald yfir frásagnarhraða

Fullnægjandi endir

Skilgreining

Skipulag er innri bygging ritverksins, merkingarþráðurinn, rökrænn búningur hugmyndarinnar. Undirstaða byggingarinnar geta verið andstæður, rökleg framvinda, nákvæm greining, þróun meginþema, leikur að tímaröð atvika, eða önnur greinanleg mynstur. Ritverk með góðu skipulagi hefst með skýrum tilgangi sem vekur væntingar lesandans. Greint er frá atburðum í rökréttu samhengi: Lesandinn fær mátulega mikið af upplýsingum á réttum tíma þannig að hann missir aldrei sjónar á „heildarmyndinni“, tilfinningunni fyrir því sem höfundurinn vill koma á framfæri. Sterk tengsl eru á milli hugmynda, eða með öðrum orðum þá er heil brú frá einni hugmynd til annarrar. Verkinu lýkur með einhvers konar niðurstöðu, þar sem lausir endar eru hnýttir, lokapunktur settir, mikilvægum spurningum svarað en lesandinn samt sem áður skilinn eftir með eitthvað til að hugleiða og velta vöngum yfir.

Hugsaðu um skipulagið eins og beinagrind dýrs eða burðargrind í húsbyggingu. Það er skipulag þessara beina sem heldur öllu saman. Þess vegna er skipulagið mjög mikivæg vídd. Mörgum nemendum finnst erfiðast að ná tökum á skipulagsvíddinni. Líkast til er það rétt hjá þeim. Er ekki stundum erfitt að skipuleggja herbergið, vinnusvæðið, háaloftið, bílskúrinn, klæðaskápinn? Eða skipuleggja tíma, veislu eða ferðalag? Það sama gildir um skipulag ritverks. Þú verður að spyrja þig: Hvar byrja ég? Hvað kemur næst? Og þar á eftir? Hvað passar saman? Hverju er hægt að sleppa?

Hvernig hnýti ég lausa enda? Gengur þetta allt upp? Ætli lesandinn skilji það sem ég er að segja? Þetta eru ófáar spurningar og ekki skrítið að höfundum, bæði fullorðnum og ungum, finnist skipulagið mikil áskorun.

Skipulag – verkefni

Undirbúningur	Æfing	Umræður
Hengdu upp kort af bæjarfélaginu.	Biddu nemendur að gefa leiðbeiningar um hvernig komast á frá einum stað til annars (t.d. frá skólanum í sund). Talaðu um hvað gerist ef leiðbeiningarnar eru ekki gefnar í réttri röð.	Ræðið hversu mikilvæg röðin sé þegar leiðbeiningar eru gefnar.
Sýndu nemendum einfalda uppskrift (t.d. hvernig eigi að búa til samloku með skinku og osti) með óljósum fyrirmælum.	Láttu nemendur lesa uppskriftina. Ræddu um það hvernig hægt væri að misskilja leiðbeiningarnar.	Ræðið mikilvægi þess að leiðbeiningar séu skýrar.
Skrifaðu á töfluna: Fyrir, fyrstur, annar, þriðji, næst, síðan, síðast, að lokum	Láttu nemendur velta fyrir sér hvernig nota megi þessi orð í ritun og hvers vegna þau séu mikilvæg.	Ræðið hvernig eigi að gera röð skiljanlega.
Finndu nokkrar bækur sem byrja á áhugaverðan hátt. Dæmi: Jón Oddur og Jón Bjarni eftir Guðrúnu Helgadóttur, Kári litli og klósettskrímslið eftir Þórgunni Oddsdóttur og Grímsævintýri eftir Kristínu Helgu Gunnarsdóttur.	Lestu upphafskaflann í nokkrum bókum.	Ræðið hve mikilvægt sé að textinn byrji á áhugaverðan hátt þannig að hann grípi lesendur.

Skipulag – tillaga að matsramma

5	3	1
Skipulagið styður eða beinir kastljósinu að meginhugmyndinni eða bemanu. Flæði, bygging eða framsetning upplýsinga er sannfærandi og leiðir lesandann í gegnum textann.	Góð bygging leiðir lesandann í gegnum textann án þess að hann ruglist í ríminu.	Ritverkið skortir skýra stefnu. Hugmyndum, lýsingum eða atburðum virðist raðað saman lauslega eða handahófskennt, það er engin merkjanleg innri bygging. Verkið endurspeglar fleiri en eitt af eftirfarandi vandamálum:
A. Áhugaverð byrjun grípur lesandann. Verkinu lýkur á fullnægjandi hátt þannig að lesandinn upplifir málalyktir og lausn.	A. Verkið hefur greinilegt upphaf og endi. Byrjunin vekur ef til vill ekki væntingar og endirinn skilur kannski eftir lausa enda.	A. Það er engin eiginleg byrjun sem setur sviðið og vantar að reka endahnútinn þannig að lokin virki.
B. Vel úthugsaðar tengingar sýna greinilega hvernig hugmyndirnar tengjast.	B. Tengiorð virka sums staðar en tengja ekki alltaf saman hugmyndir.	B. Tengingar milli hugmynda eru ruglingslegar eða ekki til staðar.
C. Öll atriði eru á réttum stöðum, röðin er rökrétt og áhrifarík.	C. Skipan efnis sýnir að rökhugsun er til staðar en hún er ekki nógu hnitmiðuð til þess að styðja markvisst þróun hugmynda. Byggingin getur verið fyrirsjáanleg og stolið athygli frá innihaldinu.	C. Efnisskipan er tilviljanakennd og þarfnast mikillar vinnu.
D. Frásagnarhraðanum er stjórnað og höfundur veit hvenær á að hægja á atburðarásinni og útlista nánar og hvenær á að auka hraðann og halda áfram.	D. Frásagnarhraðinn er nokkurn veginn undir stjórn enda þótt höfundur taki stundum á stökk eða eyði of miklum tíma á atriði sem skipta ekki máli.	D. Frásagnarhraðinn er klaufalegur, höfundurinn fer löturhægt þegar lesandinn vill komast áfram og öfugt.
E. Ef um titil er að ræða er hann frumlegur og endurspeglar meginþema verksins.	E. Titill (ef við á) er til staðar, þótt hann sé kannski andlaus eða augljós endurtekning á fyrirmælum eða umfjöllunarefni.	E. Enginn titill er á verkinu (ef hans er krafist) eða hann endurspeglar ekki innihaldið ef hann er til staðar.
F. Bygging verksins er í samræmi við tilganginn og viðtakendur, málsgreinaskil virka vel.	F. Skipulagið styður á köflum við meginatriði eða söguþráð, með tilraunum til málsgreinaskila.	F. Vandkvæði í skipulaginu valda lesendum erfiðleikum með að skilja aðalatriði eða söguþráð, þar sem varla eða alls ekki er reynt að skipa textanum í málsgreinar.

Ritunardæmi metið

Höfundur er 15 ára grunnskólanemi. Alltaf ber að hafa í huga aldur nemanda og stöðu í námsferli ritunar þegar metið er.

Skórnir mínir

Sagan birjar daginn sem það var keift mig á venjulegum dag í vor. First var farið með mig í mit nýja heimili lítil skó hilla. Þar sem ég hiti nýju vini mína sem voru með mér í hillunni þar voru gamlir gaungu skór, inniskór og gamlir strigaskór sem voru vel notaðir og sllinir næstadang kom að mínu firsta deigi það var farið með mig í skólan og var geingið mikið og var notað mig meiri hluta dagsins svog það sama næstu tvo dagana svo kom frí svona hélt það áfram í dágóðan tíma með svo mismunandi gungu inn á milli síðan leið nær og nær sumarinu þá voru leingri gaungur að koma þá var labað í falegum dal sem hét elliðardalurinn og það voru döldið lánkar gaungur það voru nokkrar þanig gaungur en síðan kólnaði aftur í veðri þanig að það voru ekki fleiri gaugur í bili snogl íða fleiri dagar síðan kom aftur got veður en að mínu matu var það ekki nógu lengi og nú heing ég á fótonum á meðan það er verið að skrif þessa ritgerð. Endir

3

Góð bygging leiðir lesandann í gegnum textann án þess að hann ruglist í ríminu.

- A. Verkið hefur greinilegt upphaf og endi. Byrjunin vekur ef til vill ekki væntingar og endirinn skilur ef til vill eftir lausa enda.
- B. Tengiorð virka sums staðar en tengja ekki alltaf saman hugmyndir.
- C. Skipan efnis sýnir að rökhugsun er til staðar en hún er ekki nógu hnitmiðuð til þess að styðja markvisst þróun hugmynda. Byggingin getur verið fyrirsjáanleg og stolið athygli frá innihaldinu.
- D. Frásagnarhraðinn er nokkurn veginn undir stjórn enda þótt höfundur taki stundum á stökk eða eyði of miklum tíma í atriði sem skipta ekki máli.
- E. Titill (ef við á) er til staðar, þótt hann sé kannski andlaus eða augljós endurtekning á fyrirmælum eða umfjöllunarefni.
- F. Skipulagið styður á köflum við meginatriði eða sögupráð, með tilraunum til málsgreinaskila.

Hvatningarorð til nemenda

Hér eru dæmi um hvatningarorð sem hægt er að nota þegar nemandi hefur unnið vel með skipulagsviddina:

- Þú notar skýr og rökrétt mynstur – flott hjá þér.
- Allt smellur saman eins og púsluspil.
- Góðar tengingar auðvelduðu mér að lesa textann þinn.
- Skipulagið hjá þér auðveldar manni að halda þræði.
- Endirinn hjá þér vekur mann til umhugsunar.
- Þú skipulagðir textann þinn í tímaröð – góð frammistaða!
- Þessi sterka byrjun vakti hjá mér löngun til að lesa meira.
- Endirinn þinn hnýtir snyrtilega saman alla lausa enda.
- Þú skrifaðir skýra byrjun, miðju og enda.
- Þú valdir sniðugan titil sem hæfir verkinu vel.
- Þú skrifaðir góða og áhugaverða byrjun.
- Orsakir og afleiðingar – þér hugkvæmdist góð leið til að skipuleggja.
- Röðin á hugmyndum er fín hjá þér.



RÖDD



**Hafa þarf eftirfarandi atriði
í huga varðandi rödd:**

Persónulegur andblær eða tónn

Hollusta gagnvart efniinu

Við hæfi lesenda

Hæfir tilganginum

Opinberar hugsanir og tilfinningar

Skilgreining

Röddin er gullni þráðurinn í ritverkinu. Það er hún sem fullvissar lesandann um að það sért einmitt þú sem talar til hans. Hún er tónlist höfundar í gegnum orðin, gefur tilfinningu fyrir því að það sé lifandi manneskja sem talar til þín og að henni sé annt um skilaboðin sem hún sendir þér. Röddin er einstök fyrir hvern og einn og gefur ritverkinu persónuleika, líf og prótt.

Rödd – verkefni

Undirbúningur	Æfing	Umræður
Hljómdiskur, 2 -3 upptökur mismunandi gerðar. Gæti verið: klassík, rokk, rapp, frá mismunandi löndum.	Spilaðu klassík eina mínútu, síðan mínútu af rokki. Ræðið muninn sem þið heyrið. Spilaðu svo þriðja diskinn og biddu nemendur um að skilgreina röddina.	Ræðið hvernig mismunandi tónlist notar mismunandi rödd.
Myndir af málverkum eftir tvo gjörólíka listamenn.	Sýndu nemendum eitt eða tvö málverk eftir hvorn listamann. Ræðið mismuninn. Sýndu þeim önnur verk eftir sömu listamenn og fáðu þá til að útskýra hvernig þeir geta sagt til um hvað er eftir hvorn.	Ræðið hvernig hver listamaður býr yfir sérstæðri rödd í verkum sínum.
Sýnishorn af ólíkum textagerðum (alfræðibók, ævintýri).	Lestu eina eða tvær efnisgreinar úr hvorri bók. Ræðið mismuninn á röddum sem höfundar beita. Hvor er skemmtilegri á að hlýða?	Ræðið markmið mismunandi radda.
Örlítið sýnishorn af tveim gjörólíkum höfundum (Arnaldur/Góði dátinn Sveik/Bertbók/Andrés Indriðas.)	Lestu textabrot eftir hvorn höfund og ræðið ólíkar raddir. Lestu önnur sýnishorn og fáðu nemendur til að útskýra hvernig þeir geta sagt eftir hvorn textinn er.	Ræðið hvernig hver höfundur hefur sína sérstöku rödd.

Rödd – tillaga að matsramma

5	3	1
Höfundur talar beint til lesanda á persónulegan, hvetjandi og áhrifaríkan hátt. Hann sýnir sterkar tilfinningar en er jafnframt meðvitaður um og ber virðingu fyrir lesendum sínum og þeim áhrifum sem þeir verða fyrir.	Höfundur virðist einlægur en skrifar ekki af áhuga fyrir efni. Af því leiðir að frásögnin er læsileg en virkar ekki sannfærandi.	Höfundur virðist áhugalaus um efnið og lesendur. Textann skortir tilgang.
A Lesandi verður fyrir sterkum áhrifum og skynjar persónu þess sem ritar.	A Höfundur reynir að ná til lesenda á einlægan, þægilegan en ópersónulegan hátt.	A Hugmyndir höfundar og tungutak talar ekki til lesenda.
B Höfundur tekur þá áhættu að vera einlægur og opinbera persónu sína og tilfinningar.	B Höfundur virðist meðvitaður um tilgang skrifanna og reynir að velja efni og byggingu sem endurspeglar hann.	B Höfundur hefur engan skýran tilgang með skrifunum og rittstílinn er í ósamræmi við innihaldið eða hugmyndirnar.
C Ritunin gefur textanum lit og líf við hæfi innihalds og lesanda.	C Höfundur sýnir sig annað veifið en forðast allar áhættur.	C Textinn er áhættulaus og segir ekkert um höfundinn.
D Frásögnin virðist heiðarleg, persónuleg og koma frá hjartanu. Birtir sterka skoðun á efni og hvers vegna það eigi að skipta lesandann máli.	D Höfundur nær ekki að viðhalda áhuga á efni og misheppnast að nota hugmyndir til að vera sannfærandi.	D Textinn er líflaus og vélrænn eða skortir nákvæmar upplýsingar.
E Ritverkið kallar á að vera lesið upphátt í hópi og rætt. Það fær þig til að skoða og skilja sjónarhorn ritara.	E Frásögnin virðist einlæg en endurspeglar ekki einstaka eða persónulega sýn á efnið.	E Efnistökin eru svo takmörkuð að ekki er hægt að greina neina skoðun.

Ritunardæmi metið

Höfundur er 14 ára grunnskólanemi. Alltaf ber að hafa í huga aldur nemanda og stöðu í námsferli ritunar þegar metið er.

Án titils

Staðurinn sem mér finnst vera mitt einkasvæði er herbergið mitt. Þar liður mér vel. Herbergið mitt er frekar stórt og hátt til lofts. Tveir veggir eru viðarklæddir og hinir tveir eru málaðir hvítir. Herbergið mitt er hreinsað annan hvern dag og er alltaf hreint. Rúmið mitt er í horni á herberginu, rúmteppið er blátt og það er mjög mjúkt. Kommóðan mín er í einu af hinum hornunum. Hún er um einn og hálfur meter á hæð og tæplega meter á breidd. Fataskápurinn er við hliðina á kommóðunni. Hann er fullur af fötum, skóm og ípróttatækjum. Sjónvarpið mitt er framan við rúmið. Það er með 28 tommu skjá og það er svart.

Bókahilla er í öðru horni bak við sjónvarpið. Hún er alveg full af bókum og ekki pláss fyrir fleiri.

Endir.

1

Höfundur virðist áhugalaus um efnið og lesendur. Textann skortir tilgang.

- A. Hugmyndir höfundar og tungutak talar ekki til lesenda.
- B. Höfundur hefur engan skýran tilgang með skrifunum og ritstíllinn er í ósamræmi við innihaldið eða hugmyndirnar.
- C. Textinn er áhættulaus og segir ekkert um höfundinn.
- D. Textinn er líflaus og vélrænn eða skortir nákvæmar upplýsingar.
- E. Efnistökin eru svo takmörkuð að ekki er hægt að greina neina skoðun.

Hvatningarorð til nemenda

Hér eru dæmi um hvatningarorð sem hægt er að nota þegar nemandi hefur unnið vel með röddina:

- *Mér líður stundum svona líka.*

- *Mjög áhrifamikil tilfinning!*

- *Grípandi!*

- *Ég táraðist þegar ég las þetta.*

- *Ég skynja að þetta snertir þig djúpt.*

- *Æsispennandi!*

- *Þetta verður að lesa upphátt.*

- *Ég heyri í þér.*

- *Segðu mér meira!*

- *Persónan þín gleymist mér ekki.*

- *Mér finnst ég þekkja þessa persónu.*

- *Persónurnar þínar lifnuðu við.*

- *Þú hefur greinilega sterka skoðun á þessu – umhyggjan leynir sér ekki.*

- *Þetta hlýtur að skipta þig miklu máli.*

- *Textinn er safaríkur og bragðmikill.*

- *Það er mjög auðvelt að samsama sig þessu verki.*

- *Mjög sannfærandi!*

- *Þessi texti er með sál.*



ORÐAVAL



**Hafa þarf eftirfarandi atriði
í huga varðandi orðaval:**

Lýsandi sagnir

Minnisstæð orðasambönd

Lifandi lýsingar

Hnitmiðuð og nákvæm orðanotkun

Skilgreining

Orðaval snýst ekki aðeins um notkun – eða misnotkun – orða. Það snýst líka um fallegt mál. Orðaval gengur út á að nota auðugt, litríkt og nákvæmt mál sem kemur ekki aðeins skilaboðum á framfæri heldur hrifur einnig og fræðir lesandann. Í góðum leiðbeiningatexta (descriptive writing) varpar vandað orðaval ljósi á hugmyndina og útvíkkar hana. Í sannfæringartexta (persuasive writing) á orðavalið að fá lesandann til að sjá hlutina í nýju ljósi. Í frásagnartexta (narrative writing) þarf orðavalið að draga upp myndir í huga lesandans sem eru svo raunverulegar að honum finnst hann vera þátttakandi í sögunni.

Orðaval – verkefni

Undirbúningur	Æfing	Umræður
Skrifaðu „hávær“ orð á töfluna; KRASS! BANG! ÆRANDI, ÆPANDI, DRYNJANDI	Biddu nemendur um fleiri „hávær“ orð. Láttu nemendur skrifa fimm „hljóðlátustu“ orð sem þeir muna og síðan fimm „mýkstu“. Láttu þá deila orðunum og listaðu þau upp á töfluna.	Ræðið um hvernig orð geta lýst hljóðum.
Skrifaðu orð sem kalla fram lykt, t.d. poppkorn, súkkulaðikaka, rósir.	Biddu nemendur að nefna fleiri orð sem lýsa góðri lykt. Biddu síðan um orð sem lýsa vondri lykt (t.d. súr mjólk, sorp, skítug borðtuska).	Ræðið um hvernig orð geta lýst sérstakri lykt.
Sýndu nokkrar myndir úr bókum eða bæklingum með myndatexta. Sýndu síðan myndir án myndatexta.	Biddu nemendur um að skrifa lýsandi texta fyrir textalausum myndirnar. Deildu myndatextunum og ræddu um af hverju einn texti gerir myndina áhugaverðari en annar.	Ræðið um hvernig orð geta haft áhrif á það sem þú sérð.
Skrifaðu á töfluna: Uppáhaldsorðin mín.	Skrifaðu nokkur af uppáhaldsorðunum þínum (lýsandi). Fáðu nemendur til að byrja á listum yfir uppáhaldsorðin sín. Deilið orðum.	Geymið listana í möppunni svo hægt sé að vísa í hann og bæta við orðum.

Orðaval – tillaga að matsramma

5	3	1
Skilaboðin eru orðuð á nákvæman, áhugaverðan og eðlilegan hátt. Orðin eru sterk og gripandi.	Málfarið virkar ágætlega enda þótt það sé ekki lífflegt. Almennt séð er auðvelt að átta sig á hvað höfundur á við.	Höfundur sýnir lítinn orðaforða eða hefur ekki leitað að hnitmiðuðum orðum sem koma merkingunni til skila.
A. Orðin eru nákvæm og hnitmiðuð. Það er auðvelt að skilja hvað höfundur er að fara.	A. Almennt má segja að orðin séu við-eigandi og rétt og styðji við merkinguna með því að vera ekki truflandi.	A. Orðaval er svo óhnitmiðað og truflandi að einungis takmörkuð merking skilar sér í gegnum textann.
B. Eftirtektaerð orð og orðasambönd grípa augu lesandans og setjast að í huga hans.	B. Kunnugleg orð og orðasambönd koma skilaboðunum á framfæri en hreyfa ekki við imyndunarafli lesandans.	B. Vandamál í orðavali fær lesandann til að velta fyrir sér hvað átt sé við. Mörg orð eiga ekki heima í textanum.
C. Málfar og orðanotkun er eðlileg, áhrifamikil og við hæfi lesenda.	C. Tilraunir til að nota litrík orð sýna vilja til að bæta sig og þroska málfarið en ganga stundum of langt fyrir lesendur (samheitaorðabók ofnotuð!)	C. Höfundur er ekki meðvitaður um lesendur. Tungumálið er ekki notað rétt þannig að merkingin skulast til.
D. Lífflegar sagnir hleypa fjöri í textann, á meðan hnitmiðuð notkun nafnorða og ákvæðisorða auka dýptina.	D. Að frátöldum nokkrum góðum undantekningum einkennist textinn af kraftitilum sögnum, hversdaglegum nafnorðum og litlausum ákvæðisorðum.	D. Lítil eða rangur orðaforði veikir textann svo að hann verður illskiljanlegur.
E. Val á orðum skerpir merkinguna og eflir skilning lesenda.	E. Orð og orðasambönd koma skilaboðum á framfæri og einstaka sennum örvar á málsnilld.	E. Orð og orðasambönd eru svo ófrjó og líflaus að merkingin skerðist.
F. Nákvæmnin er augljós. Höfundur hefur lagt sig fram um að setja orð/orðasambönd við hæfi á réttu staðina.	F. Orðavalið er vel unnið á einstaka stað en í flestum tilvikum virðist fyrsta orðið sem höfundinum datt í hug verða fyrir valinu.	F. Hrognamál eða klisjur leiða hugann frá efni eða trufla. Ónaðsynleg orð trufla lesandann.

Ritunardæmi metið

Textinn er örsaga eftir 18 ára framhaldsskólanema. Alltaf ber að hafa í huga aldur nemanda og stöðu í námsferli ritunar þegar metið er.

Á rangri hillu

Því meira sem ég sá, því minna vildi ég horfa. Allt um kring var ringulreið; flikum ægði saman án skipulags, reglu eða kerfis, megn fúkkalykt steig upp af íþróttafötum sem höfðu gleymst yfir helgi og hvert sem ég leit sá ég vonleysi í augum fatanna. Sársaukastunur og andvörp liðu um loftið í bland við tregafullan grát sokks sem hafði aðskilist frá hinum helmingi sínum á leiðinni og taldist nú stakur og gagnslaus.

Yfirvaldið hafði gert mistök. Það var eina skýringin. Ég átti ekki heima hér, ég var hreinn sokkur! Ég kom auga á þykka hettupeysu með yfirlætislegt yfirbragð, ábyggilega merkjavara, sem leit út fyrir að vera yfirmaður. Ég ávarpaði hana.

-Afsakið, sagði ég veiklulega. -Það hafa verið gerð mistök, ég ætti alls ekki að vera hér. Ég er hreinn, sjáðu til. Nýpveginn og þurrkaður, er meira að segja enn með för eftir klemmurnar á snúrunni.

Peysan þagði eitt langt augnablik en sagði svo stuttaraleg: ef þú ert hér, þá er það hér sem þú átt að vera. Hún leit ekki á mig aftur. Ég hafði verið veginn og léttvægur fundinn.

Með andvarpi hjó ég mig undir langa dvöl í óhreinatauskörfunni, þegar skyndilega: kraftaverk! Yfirvaldið stóð yfir körfunni og sá mig. -Hvernig komst þú þangað? Ég var að enda við að þvo þig, var sagt valdsmannslegri röddu, og áður en ég vissi af var ég í hendi Yfirvaldsins, á leið til míns réttu heima.

Ég veifaði glaður til hettupeysunnar þegar ég yfirgaf óhreinatauskörfuna.

5

Skilaboðin eru orðuð á nákvæman, áhugaverðan og eðlilegan hátt. Orðin eru sterk og grípandi.

- A. Orðin eru nákvæm og hnitmiðuð. Það er auðvelt að skilja hvað höfundur er að fara.
- B. Eftirtektarverð orð og orðasambönd grípa augu lesandans og setjast að í huga hans.
- C. Málfar og orðanotkun er eðlileg, áhrifamikil og við hæfi lesenda.
- D. Líflegar sagnir hleypa fjöri í textann, á meðan hnitmiðuð notkun nafnorða og ákvæðisorða auka dýptina.
- E. Val á orðum skerpa merkinguna og efla skilning lesenda.
- F. Nákvæmnin er augljós. Höfundur hefur lagt sig fram við að setja orð/orðasambönd við hæfi á réttu staðina.

Hvatningarorð til nemenda

Hér eru dæmi um hvatningarorð sem hægt er að nota þegar nemandi hefur unnið vel með orðaval:

- Þú notar ljóslifandi tungumál!
- Frábært orð!
- Orðavalið þitt málar mynd.
- Margar góðar áhrifssagnir.
- Þetta orðaval vekur upp minningar.
- Þú velur orðin nákvæmlega – og þau virka!
- Hugmyndaríkt og áhættusamt – takk fyrir að fá mig til að taka eftir orðavalinu þínu.
- Góð fjölbreytni í lykilorðum og –setningum.
- _____ er alveg fullkomið orð yfir þetta.
- Ég get séð þetta fyrir mér!
- Ég sá þetta algjörlega fyrir mér.
- Það virkar vel á mig hvernig þú notar áhrifssagnir til að keyra upp atburðarásina.
- Ég á uppáhaldssetningu í textanum þínum – en þú?
- Leiftrandi orðaval hjá þér!



SETNINGAFLÆÐI



**Hafa þarf eftirfarandi atriði
í huga varðandi setningaflæði:**

Taktur og flæði

Hnökralaust orðalag

Vel byggðar setningar

Auðvelt að lesa upphátt

Mislangar setningar og mismunandi setningabygging

Fjölbreytt upphaf setninga

Skilgreining

Lipurlega skrifaður texti er fullur af þokka, litskrúðugur og taktfastur – næstum músíkalskur. Það er auðvelt að lesa hann upphátt. Setningarnar eru vel byggðar. Það er hreyfing í þeim. Þær eru mismunandi að uppbyggingu og lengd. Það er eins og hver setningin streymi fram af annarri. Gott setningaflæði einkennist af rökvísi, frjóu orðalagi, hliðstæðri setningagerð, stuðlum og orðaröð sem gerir lesturinn óþvingaðan. Lipur texti er laus við klaufalegt málsnið sem hægir á lestrinum, þess í stað leggur málfarið áherslu á heildarmerkingu textans og varðar leiðina fyrir lesandann.

Setningaflæði – verkefni

Undirbúningur	Æfing	Umræður
Nokkrar gamlar þulur, t.d. Fuglinn í fjörunni, Bokki sat í brunni, Karl og kerling	Lestu þulurnar upphátt. Spurðu hvers vegna sé gaman að hlusta á þær og lesa.	Ræðið hvernig flæðið í textanum getur verið áreynslulaust.
Sýndu efnisgrein með of mörgum lýsingarorðum eða of langri upptalningu.	Fáðu nemendur til að hjálpa þér að endurskrifa efnisgreinina þannig að setningaflæðið batni.	Bentu á mikilvægi þess að troða ekki of miklu efni í eina efnisgrein.
Sýndu texta með stuttum 3-4 orða setningum. Við komum heim. Við fengum okkur kex. Við fórum að spila.	Skrifaðu á töfluna: Eftir skóla hjóluðum við heim og fengum okkur kex. Síðan spiluðum við Ólsen, Ólsen smástund áður en við reiknuðum heimaðæmin.	Ræðið um leiðir til að laga setningaflæði.

Setningaflæði – tillaga að matsramma

5	3	1
Í textanum er létt flæði hrynjandi og hljómfalls. Bygging setninga er vönduð og þær fela í sér styrk og fjölbreytni sem býður upp á áhrifamikinn upplestur.	Textinn líður áfram í stöðugum takti en hefur tilhneigingu til að vera frekar ánægjulegur og skipulegur en hljómfagur, meira vélrænn en flæðandi.	Lesandinn þarf að æfa sig talsvert til þess að geta túlkað verkið af sanngirni í upplestri. Verkið endurspeglar fleiri en eitt af eftirfarandi vandamálum:
A. Setningarnar leggja áherslu á merkinguna og eru mislangar. B. Mismunandi lengd og bygging setninga. Setningabrot, ef þau eru notuð, styrkja stílinn. Samtöl, ef þau eru notuð, hljóma eðlilega. C. Hnitmiðað og fjölbreytt upphaf setninga auka fjölbreytileika textans og gæða hann lífi. D. Notkun frumlegra og víðeigandi tengiorða sýnir tengsl og byggir á því sem á undan er komið. E. Textinn hefur hljómfalli; höfundur hefur íhugað bæði hljóð orða og merkingu. Strax við fyrsta upplestur gengur allt upp.	A. Þó að setningar virðist ekki vera myndaðar af leikni eða hljóma vel þá ná þær tilgangi með hversdagsleika sínum. B. Setningar eru oftast rétt myndaðar, þær hafa samhengi, þær eru traustar. C. Upphaf setninga er ekki alltaf eins, það er gerð tilraun til fjölbreytni. D. Lesandinn verður stundum að leita uppi vísbendingar (t.d. tengiorð og orðasambönd eins og samt, þess vegna, eðlilega, stuttu síðar, þó að, o.s.frv.) sem sýna tengsl setninga. E. Hlutar textans bjóða upp á áhrifamikinn upplestur en aðrir hlutar eru óþjálir, sundurslitnir eða stírbúsalegir.	A. Setningar eru sundurslitnar, ófullgerðar, sundurlausar eða klaufalegar. Það þarf að vinna þær betur. Setningaliðir hljóma ekki eðlilega. Setningamynstrið skapar sönglanda eða höktandi takt sem virkar svæfandi á lesandann. B. Það er lítil eða engin „setningavitund“ til staðar. Jafnvel þótt verkið yrði ritskóðað vandlega myndu setningarnar ekki hanga saman. C. Margar setningar byrja á sama hátt og fylgja sömu byggingu (frumlag-sagnorð-andlag) þannig að textinn verður eintóna. D. Óþrjótandi tengiorð (og, og svo, en þá, af því að, og síðan, o.s.frv.) eða algjör skortur á tengiorðum mynda orðagraut. E. Textinn býður ekki upp á tjáningu eða upplestur.

Ritunardæmi metið

Textinn er örsaga eftir 14 ára grunnskólanema. Alltaf ber að hafa í huga aldur nemanda og stöðu í námsferli ritunar þegar metið er.

Án titils

Ég mun aldrei gleyma hinum eftirminnilega degi 31. janúar 9999. Það var síðasti dagur ársins, áratugarins, aldarinnar og árþúsundsins. Það var líka dagurinn þegar ég lauk við Fastrozetzal, videoprógramm svo öflugt að það sogar þig inn í sig. Ég vissi ekki þá að ég hafði skapað ófreskju.

Ég fór með prógrammið upp til mín, tengdi það við tækið og kveikti á því. Hjartað barðist af spenningsþegar ég sá merkið verða virkt á skjánum. Ég festi stjórntækið við höfuðið á mér og ýtti á byrja. Allt í einu skaust hvítur glampi út úr skjánum og allt varð svart.

Þegar ég vaknaði var ég í líkama Herkúlesar, hetjunnar. Ég greip kylfuna mína og hélt af stað inn í rafrænan skóginn til að finna leiðina út. Þegar ég hafði gengið smáspöl varð ég fyrir árás flugnasveims og hundar Hadesar réðust á mig. Ég vissi ekki hvað ég átti að gera en af einskærri sjálfshjargarhvöt sló ég í kringum mig með kylfunni. Þegar ég skildi að hún virkaði gegn þeim þá hélt ég áfram að sveifla henni af endurnýjuðum krafti.

3

Textinn líður áfram í stöðugum takti en hefur tilhneigingu til að vera frekar ánægjulegur og skipulegur en hljómfagur, meira vélrænn en flæðandi.

- A. Þó að setningar virðist ekki vera myndaðar af leikni eða hljóma vel þá ná þær tilgangi með hversdagsleika sínum.
- B. Setningar eru oftast rétt myndaðar, þær hafa samhengi, þær eru traustar.
- C. Upphaf setninga er ekki alltaf eins, það er gerð tilraun til fjölbreytni.
- D. Lesandinn verður stundum að leita uppi vísbendingar (t.d. tengiorð og orðasambönd eins og samt, þess vegna, eðlilega, stuttu síðar, þó að, o.s.frv.) sem sýna tengsl setninga.
- E. Hlutar textans bjóða upp á áhrifamikinn upplestur en aðrir hlutar eru óþjálir, sundurslitnir eða stirðbusalegir.

Hvatningarorð til nemenda

Hér eru dæmi um hvatningarorð sem hægt er að nota þegar nemandi hefur unnið vel með setningaflæði:

- Það er gott flæði í textanum þínum – hann streymir yfir síðuna.
- Það er þægilegt að lesa textann þinn.
- Strax í fyrsta lestri átti ég ekki í neinum vandræðum með að lesa þetta frá upphafi til enda.
- Setningarnar þínar byrja á áhugaverðan og fjölbreyttan hátt.
- Þú ert með gott úrval af setningum.
- Textinn þinn er eins og tónlist og ljóð.
- Setningarnar þínar eru vel gerðar og heilar.
- Þú notar alls konar gerðir af setningum sem gera hugmyndina þína mjög skýra.
- Góðar tengingar hjálpa manni að lesa áfram.
- Lestu þetta upphátt – hljómar sannfærandi.
- Mér finnst frábært að lesa þennan kafla – það er svo góður taktur í honum.
- Með því að nota setningar á skapandi hátt hjálpaðir þú mér að lesa textann og njóta hans.
- Það voru nokkrir staðir í textanum hér og þar sem virkilega vöktu mig til umhugsunar.
- Góður texti með fullmótuðum setningum.
- Þú hefur sannarlega góðan skilning á byggingu setninga.



RITHEFÐIR



**Hafa þarf eftirfarandi atriði
í huga varðandi rithefðir:**

Reglur um stafsetningu, greinarmerki og notkun stórra stafa

Málfræðireglur, rétt málnotkun og málsgreinar

Samræmi

Skilgreining

Rithefðir eru sannarlega mikilvægar en þær eru ekki mikilvægasti hluti ritunarferlisins. Hlutverk þeirra er að leiða lesandann í gegnum textann og gera hugmyndirnar læsilegar. Rithefðirnar eru ólíkar hinum víddunum vegna þess að þær krefjast annars konar nálgunar á textanum. Þegar við vinnum með fimm fyrstu víddirnar erum við að skapa textann. Við smíðum textann með því að íhuga vandlega hvað við viljum segja og hvernig er best að koma því til skila. Hugmyndir, skipulag, rödd, orðaval og setningaflæði eru endurskoðunarvíddirnar.

Rithefðir gera okkur kleift að lesa textann yfir og undirbúa hann fyrir lesandann. Yfirlesturinn og leiðréttingarnar gera textann skiljanlegan á samræmdan hátt. Ef við höfum þá trú að flest ritverk séu skrifuð til að koma fyrir augu lesenda þá verðum við að styðjast við rótgrónar rithefðir svo að textinn sé eins aðgengilegur og mögulegt er. Nánast allt sem prófarkalesari fæst við heyrir undir rithefðir: stafsetning, greinarmerkjasetning, rétt málfræðinotkun og greinaskil. Í góðu ritverki eru rithefðirnar meðhöndlaðar af svo mikilli fagmennsku að lesandanum verður ekki einu sinni hugsað til þeirra – venjulega er maður ekki að leita að stafsetningarvillum við lestur bóka eða dagblaða.

Rit hefðir – verkefni

Undirbúningur	Æfing	Umræður
Settu texta sem skrifaður er í belg og biðu á töfluna/skjáinn.	Lestu textann án þess að draga andann. Lestu svo textann eins og greinarmerkjasetning sé eðlileg.	Ræðið hvaða máli greinarmerkjasetning skiptir fyrir aðgengi að textanum. Ræðið hrynjandi, tónfall, hljóm.
Settu eigin texta eða einhvern annan á töfluna/skjáinn.	Fáðu nemendur til að hjálpa þér að setja t.d. punkta og stóra stafi. Æfðu aðeins einn þátt í einu.	Ræðið um reglur hvað varðar stóra stafi í íslensku og berið saman við önnur tungumál ef við á.
Settu texta með mörgum stafsetningarvillum á töflu/skjá t.d. texta þar sem aðeins fyrsti og síðasti stafur er réttur. Varpaðu upp slóð nokkurra veforðabóka s.s. snara.is, http://bin.arnastofnun.is , ordabok.is	Sýndu hvernig nota má leiðréttingaforritið í Word til að laga villur og svo hvernig nota má handbækur s.s stafsetningarorðabók til að finna rétt skrifuð orð og síðan hvernig veforðabækur geta komið til aðstoðar.	Ræðið um tilgang þess að allir séu sammála um „réttan“ rithátt orða þótt oft megi auðveldlega lesa texta sem ekki uppfyllir þau skilyrði. Leggið áherslu á að prófarkalestur sé lokastig ritunar fyrir útgáfu.

Rithefðir – tillaga að matsramma

5	3	1
Höfundur hefur góð tök á venjubundnum rithefðum (þ.e. stafsetningu greinarmerkja-setningu, notkun stórra stafa, málfræði og málnotkun) og notar þær rétt. Villur eru oftast svo fáar að með dálítilli viðbótarvinnu er verkið útgáfuhæft. A. Stafsetning er að mestu rétt, jafnvel þótt orðin séu erfið. B. Greinarmerki eru nákvæm, jafnvel frumleg, og leiða lesandann í gegnum textann. C. Höfundur sýnir nákvæman skilning á notkun stórra stafa og er samkvæmur sjálfum sér í notkun þeirra. D. Málfræði og málnotkun eru rétt og hafa þannig áhrif á skýrleika og stíl. E. Gerð efnisgreina er traust og styður við efnisskipan. F. Höfundur kann að meðhöndla hefðir til að ná fram stúlænum áhrifum – og það tekst! Verkið er nálægt því að vera útgáfuhæft.	Höfundur sýnir viðunandi tök á afmörkuðu sviði rithefða. Stundum fer hann vel með hefðir þannig að þær auka læsileika textans en annars staðar eru villur truflandi og skaða læsileikann. A. Stafsetning algengra orða er að miklu leyti rétt en erfið orð valda vandræðum. B. Greinarmerkjasetning í lok setninga er oftast til staðar en greinarmerki inni í setningum (kommur, semíkommur, þankastrik, tvípunktar, svigar) vantar stundum eða þau eru röng. C. Stór upphafsstafur er notaður rétt í flestum tilvikum. D. Málfræðivillur eða röng málnotkun brengja ekki merkingu en eru samt til staðar. E. Tilraun er gerð til að setja greinaskil en þau eiga til að renna saman eða vera á röngum stöðum. F. Hóflugar breytingar þyrfti að gera til að finnúsa textann fyrir útgáfu.	Stafsetningarvillur, röng greinarmerkjasetning, röng notkun stórra stafa, málfræðivillur, röng málnotkun og/éða setningaskipan trufla lesturinn hvað eftir annað. Textinn endurspeglar fleiri en eitt af eftirfarandi vandamálum: A. Stafsetningarvillur eru margar, jafnvel í algengum orðum. B. Greinarmerkjasetningu (jafnvel í lok setninga) vantar eða hún er röng. C. Notkun stórra stafa er handahófskennd, aðeins einföldustu reglum er fylgt. D. Málfræðivillur og röng málnotkun eru mjög áberandi og hafa áhrif á merkingu. E. Textanum er ekki skipað í efnisgreinar, eða gerð efnisgreina er óregluleg, eða svo tíð (hver setning) að hún tengist á engan hátt innra skipulagi textans. F. Lesandinn þarf að lesa einu sinni til að ráða fram úr textanum og síðan aftur til að ná merkingu hans. Mjög miklar lagfæringar eru nauðsynlegar (næstum í hverri línu) til þess að finnúsa textann fyrir útgáfu.

Ritunardæmi metið

Höfundur er 15 ára grunnskólanemi. Alltaf ber að hafa í huga aldur nemanda og stöðu í námsferli ritunar þegar metið er.

Skórnir mínir

Sagan birjar daginn sem það var keift mig á venjulegum dag í vor. First var farið með mig í mit nýja heimili lítil skó hilla. Þar sem ég hiti nýju vini mína sem voru með mér í hillunni þar voru gamlir gaungu skór, inniskór og gamlir strigaskór sem voru vel notaðir og sllinir næstadang kom að mínu firsta deigi það var farið með mig í skólan og var geingið mikið og var notað mig meiri hluta dagsins svog það sama næstu tvo dagana svo kom frí svona hélt það áfram í dágóðan tíma með svo mismunandi gungu inn á milli síðan leið nær og nær sumarinu þá voru leingri gaungur að koma þá var labað í falegum dal sem hét elliðardalurinn og það voru döldið lánkar gaungur það voru nokkrar þanig gaungur en síðan kólnaði aftur í veðri þanig að það voru ekki fleiri gaugur í bili snogl iða fleiri dagar síðan kom aftur got veður en að mínu matu var það ekki nógu lengi og nú heing ég á fótonum á meðan það er verið að skrif þessa ritgerð. Endir

1

Stafsetningavillur, röng greinarmerkjasetning, röng notkun stórra stafa, málfræðivillur, röng málnotkun og/eða setningaskipan trufla lesturinn hvað eftir annað. Textinn endurspeglar fleiri en eitt af eftirfarandi vandamálum:

- G. Stafsetningarvillur eru margar, jafnvel í algengum orðum.
- H. Greinarmerkjasetningu (jafnvel í lok setninga) vantar eða hún er röng.
- I. Notkun stórra stafa er handahófskennd, aðeins einföldustu reglum er fylgt.
- J. Málfræðivillur og röng málnotkun eru mjög áberandi og hafa áhrif á merkingu.
- K. Textanum er ekki skipað í efnisgreinar, eða gerð efnisgreina er óregluleg, eða svo tíð (hver setning) að hún tengist á engan hátt innra skipulagi textans.
- L. Lesandinn þarf að lesa einu sinni til að ráða fram úr textanum og síðan aftur til að ná merkingu hans. Mjög miklar lagfæringar eru nauðsynlegar (næstum í hverri línu) til þess að fínþússa textann fyrir útgáfu.

Hvatningarorð til nemenda

Hér eru dæmi um hvatningarorð sem hægt er að nota þegar nemandi hefur unnið vel með rithefðir:

- *Mjög snyrtilegur frágangur.*
- *Þú hefur lesið vel yfir og leiðrétt.*
- *Þú notar punkta alveg rétt.*
- *Þú stendur þig vel í að fylgja rithefðum.*
- *Þú ert góður prófarkalesari.*
- *Bara örfáar villur. Fínt hjá þér!*
- *Þú ert með greinaskil á hárréttum stöðum.*
- *Þú beygir nafnorðin rétt.*
- *Þú átt ekki í erfiðleikum með málfræðina.*
- *Það er erfitt að nota rétt greinarmerki í samtölum en þér tekst það vel.*
- *Þú ert alveg búin(n) að ná gæsalöppunum.*
- *Textinn er nánast villulaus og auðveldur að lesa.*
- *Þeir sem lesa þennan texta kunna áreiðanlega vel að meta góðan prófarkalestur hjá þér.*



FRAMSETNING



**Hafa þarf eftirfarandi atriði
í huga varðandi framsetningu:**

Vandvirkni í frágangi

Gott línu- og orðabil

Vönduð skrift eða leturgerð og stærð við hæfi

Hnitmiðuð notkun myndefnis, loftrými umhverfis textann

Skilvirk notkun titla og punkta eða talna í upptalningum

Skilgreining

Framsetning er lokapátturinn í 6 +1 vídd ritunar. Útlit textans þegar hann kemur fyrir augu lesandans er gríðarlega mikilvægt. Þessari vídd var bætt við þegar í ljós kom að mat á framsetningu textans var hjá mörgum kennurum hluti af mati á rithefðum. Kennarar greindu frá því að útlit ritverksins hefði áhrif á mat þeirra og þar sem engin sérstök vídd náði yfir framsetninguna bættu þeir henni við rithefðirnar enda þótt matsramminn innihéldi engin viðmið til að vísa þeim veginn. Framsetningarviddinni var bætt við af tveimur ástæðum: 1) til þess að halda henni aðskilinni frá öðrum víddum og 2) til þess að láta kennurum í hendur verkfæri til að beina sjónum að „útliti“ ritverka. Vísað er til framsetningar sem víddar en þar sem hún er ekki eins viðamikil og hinar víddirnar köllum við hana „+1“.

Góðir höfundar eru meðvitaðir um mikilvægi framsetningar. Lokaútgáfa ritverks getur ýmist dregið lesandann að sér eða virkað fráhrindandi, allt eftir því hve mikið er lagt í fráganginn. Við veljum okkur lesefni eftir þörfum og aðgengileika og texti er ekki mjög aðlaðandi ef reglum um framsetningu er ekki fylgt.

Það fer eftir tilgangi ritunarinnar hvort við metum framsetninguna formlega. Við ætlumst ekki til að fá fínþússaðan texta frá nemendum í hvert einasta skipti, til dæmis ekki þegar tilgangur ritunarinnar er að æfa sig, setja hugsanir á blað eða efla færni í einhverju sem síðar verður notað í texta og deilt með lesendum. Á meðan ritverk er í drögum er óþarfi að hafa áhyggjur af framsetningu en það er ekki úr vegi að fá nemendur til að íhuga snið lokaútgáfu ritverksins. Á það að vera ritgerð? Saga? Bæklingur? Bréf? Öll þessu snið krefjast þekkingar á útlitspáttum sem gera textann aðlaðandi og læsilegan í lokaútgáfu.

Þegar ritverk er tilbúið til birtingar, hvort sem það er handskrifað eða unnið í ritvinnsluforriti, ætti það að hafa útlit sem sýnir að höfundur vandar til verka. Þessar almennu leiðbeiningar ættu að vera hafðar til hliðsjónar:

- Samræmt línubil
- Læsileg og samræmd stafagerð eða viðeigandi val á letri og leturstærð
- Nægilegt loftrými í kringum textaflötinn
- Notkun fyrirsagna, punkta eða talna í upptalningu og annarra leiðarmerkja sem gera textann aðgengilegri fyrir lesandann ef þörf krefur
- Áhrifarík samþætting texta og myndefnis; teikninga, línurita, korta og taflna

Framsetning – verkefni

Undirbúningur	Æfing	Umræður
Afhentu nemendum ólík nafnspjöld. Skoðið loftrými, grafík, myndir, spássíur, tölur, orð, liti og stærð eftir því sem við á.	Láttu nemendur búa til sín eigin nafnspjöld með tilbúnum nöfnum. Dreifðu nafnspjöldunum af handahófi milli nemenda og athugið hvort þeir geta giskað á hver á hvaða nafnspjald.	Ræðið loftrými, grafík, myndir, spássíur, tölur, orð, liti og stærð eftir því sem við á og hvaða heildaráhrif mismunandi notkun hefur sjónrænt á viðtakendur.
Vertu með úrval ritverka – ólíkar framsetningar (bækur, tímarit, dagblöð, handrit).	Láttu nemendur leita að síðum sem eru með gott jafnvægi milli texta, loftrýmis og myndefnis. Láttu þá á sama hátt leita að síðum sem skortir þetta jafnvægi.	Ræðið um af hverju þeir völdu tiltekna síður og hvernig jafnvægi milli loftrýmis og myndefnis hjálpar lesendum að meðtaka og skilja texta.
Láttu nemendur opna skjal þar sem mörgum leturgerðum, stafastærðum og ólíku myndefni ægir saman í sama skjalinu.	Biddu nemendur að laga skjalið þannig að textinn fái að njóta sín. Henda úr skjalinu óparfa aukaefni þannig að myndefnið sem þeir halda eftir verði til að styrkja textann.	Ræðið hvernig framsetningin getur verið stuðningur við texta og auðveldað lesendum að meðtaka innihald hans og á hinn bóginn truflað lesendur ef illa er að verki staðið.
Kenndu nemendum að nýta sér þá möguleika sem ritvinnsluforrit eins og Word hefur, til að gera uppsetningu ritverka skilvirka og læsilega og eldri nemendum að nota það til að skrá heimildir rétt http://vefir.nams.is/visku-veitan	Vertu með þéttskrifaða textasíðu sem nemendur eiga að hleypa lofti í, velja letur, leturstærð, fyrirsagnir og aðrar sjónrænar stoðir að eigin vali.	Ræðið mismunandi leiðir sem nemendur fara að verkinu. Hvað tókst vel og hvað miður.

Framsetning metin

5

Snið og framsetning textans auðvelda lesandanum að skilja og tengja við skilaboðin. Textinn gleður augað.

- A. Ef textinn er handskrifaður er samræmi í halla stafanna, þeir eru skýrt dregnir, bil milli orða er jafnt og textinn er læsilegur.
- B. Ef textinn er skrifaður í ritvinnsluforriti er val á lettri og leturstærð viðeigandi og laðar lesendur að honum.
- C. Notkun loftrýmis á síðunni gefur lesendum færi á að einbeita sér að textanum. Sniðið hæfir tilgangi ritunarinnar.
- D. Notkun titla, blaðsíðutals, punkta í upptalningu og rétt val á sniðmáti auðveldar aðgengi lesandans að upplýsingunum og textanum.
- E. Áhrifarík samþætting texta og myndefnis; teikninga, línurita, korta og taflna. Texti og myndefni er greinilega jafnað.

3

Skilaboð höfundar eru skiljanleg á þessu sniði.

- A. Skriftin er læsileg enda þótt beri á misræmi í formi stafa, halla og bilum sem gerir það að verkum að sum orð eða kaflar eru auðveldari aflestrar en aðrir.
- B. Tilraunir með leturgerðir og -stærðir eru ágætlega heppnaðar sums staðar en verða nokkuð yfirdrífnaðar annars staðar. Ósamræmi er augljós.
- C. Enda þótt spássiur séu fyrir hendi þá nær textinn sums staðar út að brúnum síðunnar. Línubil er samræmt en ef til vill of lítið eða of stórt.
- D. Þrátt fyrir að einhver leiðarmerki séu fyrir hendi (titlar, blaðsíðutal, upptalningarpunktar) eru þau ekki nýtt að fullu til þess að merking textans sé sem aðgengilegust fyrir lesandann.
- E. Tilraun er gerð til að samþætta myndefni og texta þótt tengingin sé kannski takmörkuð.

1

Lesandinn fær afbökuð skilaboð vegna vandamála sem tengjast framsetningu textans.

- A. Mjög erfitt er að lesa og skilja textann vegna þess að stafirnir halla sitt á hvað, ósamræmi er í formi þeirra, þeir eru ekki rétt dregnir, bil milli orða eru ójöfn eða jafnvel ekki til staðar.
- B. Höfundur hefur farið á ærlegt leturfylleri þannig að lesandinn heldur ekki þræði.
- C. Bil eru tilviljanakennd og rugla lesandann í ríminu. Loftrými umhverfis textasvæðið er lítið eða ekkert.
- D. Skortur á leiðarmerkjum gerir það að verkum að lesandinn veit ekki hvernig einn hluti textans tengist öðrum og hvers vegna skipulag textans á síðunni er eins og raun ber vitni.
- E. Myndefni styður ekki við eða dregur upp mynd af helstu hugmyndum sem eru fyrir hendi í textanum. Það getur verið villandi, óskiljanlegt eða of flókið.

Viðauki I

TS HLUSS

TS HLUSS er skammstafað heiti tiltekinnar aðferðar við að gefa fyrirmæli í ritun þar sem nemendum er uppálagt að setja sig í ákveðið hlutverk og skrifa fyrir skilgreindan lesanda eða hóp. Á ensku er þessi aðferð kölluð *MC RAFT* og stendur fyrir *Mode, Context, Role, Audience, Format, Topic* og *Strong Verbs*. Íslenska þýðingin á þessum orðum er Tilgangur, Samhengi, Hlutverk, Lesari, Umfjöllunarefni, Snið og Sagnir. Kjarnyrt lýsing og kveikjur að ritunarverkefnum gera nemendum kleift að skrifa reiprennandi og í markvissum tilgangi fyrir mismunandi markhópa. TS HLUSS er aðferð sem getur auðveldað kennurum, í hvaða fagi sem er, að gefa fyrirmæli um ritun inn í mismunandi ritunarform eða snið. Tilgangurinn með fyrirmælunum er helst sá að gefa nemendum tækifæri og tíma til að tengja það sem þeir kunna og eru að læra við mismunandi tilgang ritunar.

Ávallt skal hafa í huga að víddirnar 6+1, ein eða fleiri í senn, eru í fyrirrúmi, sama inn í hvaða snið nemendum er ætlað að skrifa. Mælt er með því að nota TS HLUSS í tengslum við kennslu víddanna.

Tilgangur ritunarinnar – gefur hugmynd að uppbyggingu og skipulagi textans (aðeins fyrir kennarann).

Samhengi ritunarinnar – sér þeim sem skrifar fyrir bakgrunnsupplýsingum og þegar vel er að verki staðið, getur það virkað mjög hvetjandi á nemendur og jafnvel kveikt hjá þeim brennandi áhuga á viðfangsefninu.

Hlutverk höfundar – hjálpar nemendum að taka ákvörðun um hvaða sjónarhorn og hvernig rödd henti að nota.

Lesendur textans – minnir nemendur á að miðla hugmyndum til ákveðins lesendahóps og hjálpar þeim við að ákvarða innihald og stíl textans.

Umfjöllunarefni ritunar – hjálpar nemandanum að þrengja viðfangsefnið og einblína á lykilhugmyndir.

Snið viðfangsefnisins – Hvaða fyrirkomuleg er best? Bréf, rannsóknarskýrslur, bæklingar, glærur, blaðagreinar o.fl. Hjálpar nemendum að skipuleggja hugmyndir og nota viðeigandi snið og framsetningu á texta.

Sagnir – vísa nemandanum að tilgangi ritunarinnar.

TS HLUSS er gott hjálpartæki kennara til að segja nemendum með skýrum hætti til hvers er ætlast af þeim en heftir á engan hátt frumlega hugsun.

Ólíkt form ritunar

Það getur tekið nemendur mörg ár að læra að skrifa í fjölbreyttum tilgangi og fyrir ólíka markhópa. Það er oftast ekki fyrr en eftir margra ára markvissa ritun og þjálfun í endurritun texta að nemendur ná slíkri færni. Því er mjög mikilvægt að kennarar skapi nemendum stöðugt tækifæri til að skrifa í markvissum tilgangi og til að endurskrifa texta.

Viðfangsefni markvissrar ritunar leynast víða. Þau geta tengst ýmsum fögum og áföngum sem nemendur eru í. Þegar nemendur og kennarar eru búnir að temja sér orðfæri og viðmið matsramma 6+1 víddar er sjálfsagt að nota þá við endurgjöf í allri ritun. Með því móti verða nemendur meðvitaðri um eigin framfarir í hverri vídd.

Tilgangur ritunar er hér flokkaður í **lýsandi ritun, frásögn, skapandi ritun, skrásetningarritun/útskýringar og sannfærandi ritun**. Hverjum flokki er lýst með orðum ásamt því hvaða sagnir tengjast hverjum og einum og hvernig hann lítur út á myndrænu formi. Myndrænar útfærslur á mismunandi tilgangi ritunar geta oft auðveldað nemendum að skilja til hvers er ætlast af þeim og hvað það er sem einkennir viðkomandi ritun.

Hér á eftir verða gefin nokkur dæmi um hvernig nota megja þetta fyrirmælakerfi ef kennari ákveður að æfa ákveðið snið ritunar. Gott er að bjóða nemendum upp á val um fleiri en eitt hlutverk og snið hverju sinni.

Lýsandi ritun

Málar mynd með orðum

Lýsandi ritun inniheldur myndmál, tæki ljóðlistar, líkingar og samlíkingar og svokölluð sýndu mér skrif. Tilgangur lýsandi ritunar er að lýsa og sýna þeim sem les eða heyrir textann, það sem þar á sér stað. Orðin sem eru notuð virðast mála myndir í hugum viðtakenda, lýsingar eru ljóslifandi og það er auðvelt að sjá þær fyrir sér. Viðfangsefnið er mjög vel afmarkað og fókusinn skýr.

Sagnir sem tengjast lýsandi ritun eru:

Lýsa - Aðgreina - Skilgreina - Útskýra nánar - Skýra -
Auðkenna - Þekkja - Rekja - Túlka - Sýna

Í ritgerð sem einkennist af **lýsandi ritun**, lýsa nemendur hlut, persónu, viðburði eða stað.

Dæmi: Lýstu köldum vetrardegi.


Vísbendingarorð: Lýstu, segðu frá hlut. Hvernig lítur hann út og hvernig er hann viðkomu? Skrifaðu þannig að sá sem les geti séð það sem þú skrifar um. Búðu til mynd í þínum huga og líka þess sem les.

Þannig gætu fyrirmælin litið út ef stuðst er við HLUSS

- **H**lutverk ritara – þú sjálfur
- **L**esandi – sjö ára krakki í Mexíkó
- **U**mfjöllunarefni – kaldur vetrardagur og hlutur sem þú sérð úti þennan dag
- **S**nið – lítil blaðagrein
- **S**agnir – útskýra

Þú ert þú sjálfur. Skrifaðu litla blaðagrein fyrir sjö ára krakka í Mexíkó til að ÚTSKÝRA hvernig kaldur vetrardagur er og LÝSA hvernig hlut þú gætir fundið við þær aðstæður þannig að hann FINNI og SJÁI það sem þú upplifir.

myndræn útfærsla
Lýsandi ritun



Frásögn

Segir persónulega sögu

Tilgangur frásagnarritunar er að segja sögu. Atburðarás keyrir söguna áfram frá upphafi til enda og er oft hröð. Persónurnar eru ljóslifandi og vaxa í gegnum söguna. Oft eru til staðar bókmenntalegir þættir sem dýpka söguþráðinn. Þeir eru m.a. vísbendingar sem gefa í skyn það sem á eftir kemur (e. foreshadowing), skýr átök og úrlausnir. Staðsetningar eru oft eins konar viðbætur við söguþráðinn.

Sagnir sem tengjast frásögn eru:

Tengja - Segja frá - Íhuga - Segja - Greina ítarlega frá -
Segja frá í stuttu máli - Rifja upp - Þylja - Segja sögu um

Þegar kennarar hvetja nemendur til að skrifa frásögn, geta þeir lagt áherslu á að frásögn segi sögu sem getur annars vegar byggst á staðreyndum, en hins vegar á skáldskap og að hún einkennist af upphafi, miðju og endi.

Dæmi: Skrifaðu sögu um það þegar þú varst dapur/döpur.

Vísbendingarorð eru í kassanum en nemendur ættu líka að hafa í huga að skrifa um ákveðinn tíma, **hvað** gerðist **hvenær** og **hvar**.

Þannig gætu fyrirmælin litið út ef stuðst er við HLUSS

- **H**lutverk ritara – þú sjálfur
- **L**esandi – besti vinur þinn
- **U**mfjöllunarefni – vanlíðan, dapurleiki
- **S**nið – bréf
- **S**agnir – segja-trúa-gráta-óttast-leiðast-hryggjast-vona-hjálpa


Þú ert þú sjálfur. Skrifaðu bréf til besta vinar þíns til að SEGJA honum frá hvað kom fyrir þig og GREINA FRÁ aðstæðum og umhverfinu þannig að hann SKILJI og GETI sett sig í þín spor og HJÁLPAÐ þér að verða glaður aftur.

Myndrænar útfærslur á frásögn

Þær má nota til að hvetja nemendur til að byrja að skrifa og til að hjálpa þeim við að skilja betur eðli og einkenni ritunarinnar.

myndræn útfærsla

Frásögn



Skapandi ritun

Skapar sinn eigin heim

Skapandi ritun er ótengd fyrirfram ákveðnu formi. Höfundur getur valið hvaða snið sem er og notað það til að setja fram skapandi verk. Tilgangurinn með skapandi ritun er venjulega að skemmta. Höfundur velur stílbrögð og er stíllinn oft innblásinn og lifandi. Ritunin einkennist af innsæi og er skrifuð af einlægni út frá sannleikskjarna. Höfundur skapar fyrir lesandann óvænta sýn, oft á hversdagslegt efni, þar sem gjarnan má gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn.

Sagnir sem tengjast skapandi ritun:

Finna upp - Skálda - Búa til - Skipuleggja -
Ímynda sér - Skapa - Móta - Fantasera

Þannig gætu fyrirmælin litið út ef stuðst er við HLUSS

- **H**lutverk ritara – hreinn sokkur í óhreinatauskörfu
- **L**esandi – fólk á aldrinum 14-18 ára
- **U**mfjöllunarefni – mistök
- **S**nið – útvarpspistill
- **S**agnir – sjá-regla-mistakast-búa-dvelja

Þú ert hreinn sokkur í óhreinatauskörfu. Skrifaðu pistil í útvarp fyrir fólk á aldrinum 14-16 ára til að LÝSA fyrir þeim hvað kom fyrir þig og GREINA FRÁ angistinni sem grípur þig þannig að þeir geti ÍMYNDAÐ sér hvernig þér líður í þessum aðstæðum.

Myndrænar útfærslur á skapandi ritun

Þær má nota til að hvetja nemendur til að byrja að skrifa og til að hjálpa þeim að skilja betur eðli og einkenni ritunarinnar.

myndræn útfærsla Skapandi ritun

Bókmenntahefð

Sumar tegundir ritunar eru sérlegar heppilegar fyrir skapandi skrif.

Saga	Skáldsaga	Dagbók
Vísindaskáldsaga		
Spennusaga		
Fantasíur		
Leikrit		
Ljóð		
Draugasögur		
Ævintýri		
Bréf		
		
Samsetning Að setja saman það sem á yfirleitt ekki samleið.	Bókstafleg merking Að taka bókstaflega eitthvað sem er yfirleitt hugfægt.	Viðsnúningur Að snúa við viðtekinni atburðarrás, t.d. þegar rándýr verður að bráð.
		
Taka í burtu Að fjarlægja eitthvað sem er yfirleitt til staðar.	Hætta Þetta skapar spennu og væntingar, og nær athygli lesandans.	Ósamræmi Þegar hlutir sem eiga ekki samleið eru settir saman.
		
Tími: fyrir og eftir Að velta eftirtekt breytingu á ákveðnu tímabili.	Breytt sjónarhorn Sýna fram á hvernig merking getur breyst með breyttu sjónarhorni.	Umbreyting Djúpstæð breyting á forni eða persónuleika.
		
Tilviljun Að nota ólíklegan atburð til að draga athygli að einhverju mikilvægu - eða ómerkilegu?	Tími: aftur í tíma Að nota minningar og fleira til að brjóta upp tímaröð.	Framandi vettvangur Að vera hellaður af fegurð eða hryllingi þess óþekkta.

Skrásetningarrítun/hlutlæg ritun

Skráir og skýrir út frá þekkingu eða reynslu

Tilgangur skrásetningarrítunar er að upplýsa og útskýra. Ritunin er skýr og afmörkuð og upplýsingarnar sem fram koma í henni, eru oft óvenjulegar og nákvæmar. Í rituninni er einnig mikið af smáatriðum. Flæði hugmynda tengist og er venjulega sett fram í rökréttri tímaröð í skýrslugerðarstíl. Ritun í anda skrásetningar veitir upplýsingar, útskýrir viðfangsefni eða skilgreinir eitthvað. Einnig útskýrir þessi tegund af ritun atburði, ferli, tilraunir og viðburði.

Sagnir sem tengjast skrásetningarrítun:

Útskýra - Bera saman - Finna mismun eða andstæður - Upplýsa - Draga saman -
Tilkynna - Skrásetja - Gefa dæmi - Sýna fram á - Sanna -
Staðfesta - Fullyrða - Segja hvers vegna - Tala um

Þegar kennarar hvetja nemendur til að skrifa **skrásetningarrítun**, geta þeir lagt áherslu á að hún gangi helst út á að útskýra eitthvað. Sá sem skrifar er ef til vill beðinn um að gefa upplýsingar um eitthvað eða að útskýra eitthvað.

Dæmi: Hvaða áhrif hafa efni á ferð hljóðbylgja? (Hver er uppáhaldsípróttin þín og hvers vegna?)

Vísbendingarorð sem tengjast þessari tegund af ritun eru í kassanum.

Þannig gætu fyrirmælin litið út ef stuðst er við HLUSS


- **H**lutverk ritara – þú ert hljóðbylgja
- **L**esandi – nemendur í 7. bekk grunnskóla
- **U**mfjöllunarefni – ferð hljóðbylgju í gegnum tilgreind efni
- **S**nið – veggspjald
- **S**agnir – útskýra, gefa dæmi

Þú ert hljóðbylgja. Búðu til veggspjald með texta og myndum fyrir nemendur í 7. bekk grunnskóla til að ÚTSKÝRA hvers vegna ólík efni hafa áhrif á hvernig hljóðbylgja ferðast. GEFÐU DÆMI og SÝNDU FRAM Á hvernig þetta gerist.

Myndrænar útfærslur á skrásetningarrítun

Þær má nota til að hvetja nemendur til að byrja að skrifa og til að hjálpa þeim að skilja betur eðli og einkenni ritunarinnar.

myndræn útfærsla
Skrásetningarritun



Sannfærandi ritun

Sannfærir lesara og réttlætir afstöðu eða viðhorf

Sannfærandi ritun er notuð í þeim tilgangi að sannfæra og réttlæta afstöðu eða viðhorf. Afstaða höfundar er skýr og vel ígrunduð og hann notar fjölbreytt, vel fram sett og þróuð rök til að styðja við afstöðu sína. Niðurstaðan kemur í eðlilegu framhaldi af rökunum.

Sagnir sem tengjast sannfærandi ritun:

Hafa áhrif á - Sannfæra - Andmæla - Leggja áherslu á -
Halda einhverju fram - Hvetja - Dekstra

Sannfærandi ritun snýst um að fá þá sem lesa til að vera sammála höfundi. Verkefni nemandans er því að ákveða hvaða skoðun hann ætlar að hafa á viðfangsefninu og beita öllum brögðum til að fá lesendur á sömu skoðun. Auglýsingatextar eru gott dæmi um sannfærandi ritun.

Dæmi: Ætti að setja takmörk á hve lengi nemendur megi vera á Internetinu?

Vísbendingarorð Sannfærandi ritunar eru: Ætti að vera, sannfærðu lesandann, rökstyddu skoðun þína, komdu með fleiri rök.

Þannig gætu fyrirmælin litið út ef stuðst er við HLUSS

- **H**lutverk ritara – tíu ára
- **L**esandi – foreldrar
- **U**mfjöllunarefni – takmörkun á notkun Internetsins fyrir börn
- **S**nið – bloggfærsla
- **S**agnir – sitja við-hafa áhrif-læra-proskast-hvetja-efta-lesa

Þú ert tíu ára. Skrifðu bloggfærslu fyrir foreldra til að SANNFÆRA þá um að þeim tíma sem börn verja á internetinu sé VEL VARIÐ. RÖKSTYDDU og LEGGÐU ÁHERSLU á hvað það sé proskandi að hafa óheftan aðgang að netinu.

Myndrænar útfærslur á sannfærandi ritun

Þær má nota til að hvetja nemendur til að byrja að skrifa og til að hjálpa þeim við að skilja betur eðli og einkenni ritunarinnar.

Afstæða/viðhorf þess sem skrifar		myndræn útfærsla Sannfærandi ritun	
Ástæða/Rök 1	Ástæða/Rök 2	Ástæða/Rök 3	
Rökstuðningur I. Vera viðbúin móttrökum 2.	Rökstuðningur I. Vera viðbúin móttrökum 2.	Rökstuðningur I. Vera viðbúin móttrökum 2.	
Niðurstaða			

Viðauki II

Íslensk ritunardæmi

Texti 1 *Dagbók Önnu Sólar*. Mat á tveimur víddum.

Höfundur er nemandi í 6. bekk. Aldur nemandans var hafður í huga við matið.

Hugmyndir	Skipulag	Rödd	Orðaval	Setningaflæði	Hefðir
5	5				

Hugmyndir 5

Umfjöllunarefnið er afmarkað, skýrt og hnitmiðað. Það heldur athygli lesandans frá upphafi. Hugmyndin er frumleg einkum vegna þess að höfundur er strákur sem setur sig í hugarheim unglingsstúlku.

Skipulag 5

Textinn hefur gott flæði og áhugaverð byrjun grípur lesandann strax. Höfundur hefur góða stjórn á frásagnarhraðanum og sagan nær hámarki um miðbikið. Málsgreinaskil virka vel.

Dagbók Önnu Sólar

2012

Kæra dagbók nú er mér nóg boðið! Mér finnst ekki gaman í sundi. En í sundi með **Frosknum** (bróður mínum sem er þriggja ára), **Frekjunni** (systur minni sem er algjör frekja og klöguskjóða), **mömmu** (sem er leiðinleg) og **pabba** (sem gerir allt sem mamma segir). Því nenni ég ekki! En nei, fullorðna fólkið hlustar bara aldrei á mann. Það er svo leiðinlegt að fara í sund, eitthvert slímugt vatn sem allir pissa í og maður leikur sér kannski í annarra hlandi. En ég neyddist til þess að fara í þetta ógeðslega sund. Já dagbók það er ógeðslegt. Mamma hótaði mér alls konar eins og að ef ég kæmi ekki mætti ég ekki fara í bleika kjólinn í mánuð!!! Uppáhaldskjólinn minn í heilan mánuð. Ég varð bara að gefa eftir svo við 5 fórum í Sundhöll Reykjavíkur. Ég fór inn í klefann og byrjaði bara að koma mér í sundföt þegar ég uppgvótaði að þetta var **Strákaklefinn**. Já dagbók, ég skrifaði Strákaklefinn með stóru essi. Svo ég auðvitað bara eins og heilbrigt barn faldi mig í skápnum. Þegar ég ætlaði að fara út fattaði ég að ég var læst inni, ég öskraði og öskraði í svona tuttugu mínútur. Þegar ég fattaði að ég var með lykilinn á hendinni stökk ég út og hljóp um klefana þangað til vörðurinn kallaði: Hvað ert þú að gera hér, þetta er Karlaklefinn. Ég var ekki heimsk svo auðvitað lamdi ég hann með handklæðinu mínu beint í augað. Ég hljóp síðan í burtu og ... Lengra inn í klefann, út í sundlaugina á svona...
ÞREM SEKÚNDUM. Ég hoppaði ofan í laugina og skvetti aðeins á Frekjuna. Og vitið þið hvað... Hún klagaði í mömmu og ég sá að mamma var að koma svo ég fór upp á bakkann, gekk upp á stóra stökkbrettið og ég stökk þetta var eins og að fljúga ég lenti mjúklega. En þá heyrði ég kalla fyrir neðan mig: Viltu ekki bara hoppa ofan í laugina en ekki vera bara á brettinu að hoppa og hoppa. Ég leit niður og sá að annar vörður var að hæðast að mér svo ég svaraði bara blákalt á móti : Hva vilt þú ekki bara stökkva ofan í af brettinu. Vörðurinn reyndi eitthvað að afsaka sig með að þykjast vera í svo finum fötum. Hann var í einhverri grænni , **ógeðslegri** skyrtu. Ég nennti ekki að þrasa svo ég stökk út í. Þetta voru örugglega 40 metrar eða eitthvað. Ég skall á magann og þóttist sökkva niður bara til þess að stríða verðinum.

Texti 2 *Vinur að eilífu.* Mat á tveimur víddum.

Höfundur er nemandi í 6. bekk. Aldur nemandans var hafður í huga við matið.

Hugmyndir	Skipulag	Rödd	Orðaval	Setningaflæði	Hefðir
1	1				

Hugmyndir 1

Höfundi tekst ekki að móta hugmyndina sína og lesandinn á erfitt með að átta sig á því hvað skiptir máli. Frásagnarmátinn er ruglingslegur og höfundur fer fram og til baka með hugmyndir í textanum.

Skipulag 1

Engin skýr stefna og lýsingar eru handahófskenndar. Eins vantar upphaf og endi. Höfundur nær ekki að tengja hugmyndir sínar og frásagnarhraðinn er klaufalegur. Því verður innihaldið ruglingslegt.

Vinir að þeila

Ég var komin í flýggiferð um bæin. Ég var örtin svo þert
 því þeir voru íbúggt. Ég var búin að keyra 20 hringi um Reykjavík
 þá fannst mér og alveg var ég hundin þá prósent að mamma væri
 komin með alhyggju af mér. Ég fór að muna að ég væri með síma
 og aðlæti að fara að hringja. Í læsugluna þegar ég fættadi hana
 atti ég að seigja þumi. Halló þetta er Kalfur. Þorberndur er minn var
 rænt ég er í stórum bíl. Þorberndur þinn er hvar. Þá: Billin
 var stopaður. Ekki svo stóð hvar. Þá: Billin
 var stopaður. Ílla eins og árobstar. Ég eigi við svolandi. Þá: Hvar
 var opnað. Stór og ljófur karl og kona. Þá: Þetta vorum komin upp í svæði.
 Þá: Þetta var kallað og rætt. Ég var örtin þá. Ég var að slíta
 í buxurnar djök. Ég var ekki í buxum heldur leggum og
 þísi sem mamma min gaf mér í jólagjöf í fyrra.
 Þá: Þetta fóla mig inn í einhverf skýli og þetta inn í hús.

Texti 3 *Hrikaleg breyting.* Mat á tveimur víddum.

Höfundur er nemandi í 6. bekk. Aldur nemandans var hafður í huga við matið.

Hugmyndir	Skipulag	Rödd	Orðaval	Setningaflæði	Hefðir
		5	3		

Rödd 5

Hér höfum við verk eftir nemanda í 6. bekk sem hefur tekist að skapa rödd sem er í senn grípandi, persónuleg og áhrifarík. Hann tekur þá áhættu að vera einlægur og opinbera persónu sína og tilfinningar. Ritverkið kallar á að vera lesið upphátt með tilþrifum í hópi og rætt.

Orðaval 3

Málfarið virkar ágætlega enda þótt það sé ekki líflegt. Almennt séð er auðvelt að átta sig á hvað höfundur á við. Að frátöldum örfáum undantekningum eins og „tilfinninga-laust hörkutól“ einkennist textinn af kraftlitlum sögnum og hversdagslegum nafnorðum. Í flestum tilvikum virðist fyrsta orðið sem höfundinum datt í hug verða fyrir valinu.

Hrikaleg Breyting

Alla daga þarf ég að lakka í og úr skótarum.
Það er grípsamlega þótt leiðinlegasta sem ég geri,
það er þá fyrir utan að laga til. Ég skil ekki fólk
sem finnst gaman að þrifa, lítt af þá fólk er þá
afi minn. Hann er alltaf að laga til, allstaðar!
Og þá meina **ALLSTAÐARI** svo byrjar hann að varla mér
„Byrdis mín, þú átt ekki að vera svona mikill sáti“ eða
„Lagatu þetta til!“. Já það minnir mig á það...!
Ég herti Byrdis Ingólfsdóttir, 13 ára í Skóla
(Hagaskóli), Amma mín og Lfi eru með mig. Mamma
mín fór til Los Angeles þegar ég var lítil í von um að verða fræg,
hún tók þakka með, og þau skildu mig eftir hjá
ömmu og afa.

Stundum þegar ég hugsa um þetta... ^{verð ég} Kann ég ætla að
segja það...! Ótrúlegt en satt, ég verð stundum **Leiti**!
Allir í skótarum halda að ég sé tilfinningalaust höfuból,
ég reyni að vera þannig, en ég er ekki í alvörpun þannig.
Mér hefur alltaf fundist að ég þurfi að vera þannig
að annars mundi ég ekki eiga neina virni.

Mig hefur alltaf langað til þess að þrifa að vera
ég sjálf í kannski, einavíku, einndag. Ég held samt
að ég sé ekki tilbúin. En veistu, ég ætla að þrifa
það. Ég byrja á morgun, nú verð ég ég sjálf!
Ef þú viljast endilega vita hver, eins og myndir segir
"the real me" er þá skal ég segja ykkur það, ég er
mjög góð og þríf stelpa, Ég er eins og afiminn,
þska að laga til,
Ónei, nú er komið upp vanidamál!

Texti 4 Tár. Mat á tveimur víddum.

Höfundur er nemandi í 6. bekk. Aldur nemandans var hafður í huga við matið.

Hugmyndir	Skipulag	Rödd	Orðaval	Setningaflæði	Hefðir
		5	3		

Rödd 5

Höfundur talar strax í upphafi persónulega til lesandans. Hann grípur lesandann og æsir upp í honum forvitni svo að hann vill vita meira. Sagan fjallar um örlög og er tilfinningaþrungin. Ritverkið myndi njóta sín vel í upplestri.

Orðaval 3

Málfarið er ágætt en orðaval er einfalt þótt það þjóni tilgangi sínum vel. Engar tilraunir eru gerðar með orðaval eða orðasambönd sem myndu glæða söguna auknu lífi. Nemandinn er tvítyngdur sem gæti haft áhrif á orðaforðann.

21 Desember 1950

Tár

Alveg síðan að bróðir minn dó hef ég verið rosa einmanna. Hann var besti vinur minn. Það gerdist svo...
~

Ég heiti Sylvette. Bróðir minnheiti Colin. Við búum í Malasíu með mömmu og pabba. Við erum fatalek en við náum! rétt svo að borga fyrir mat. Ég á fjórar líkur en Colin á fimm. Mamma segir að það sé alveg nóg. Hún þær fötin okkar aðra hverja viku. Við Colin erum ekki í skóla en við kunnum samt margt. Einn dag þegar ég kem fram (nývöknud) geng ég inn til Colin og setst á rímið hans. "Colin, vaknaðu." segi ég. Ég fór ekkert nær frá honum "Colin!" segi ég aðeins þetta. En það reyntist varla minnst vegna þess að ég er svo hás. Colin hræfist ekki en hann andast högt. Colin vaknar vanalega fyrst þegar ég geng inn til hans. Þannig að þetta hræðir mig svolítið. Colin hræstir aðeins hausinn og hvíslar "Sylvette, hvað er að mér?" Þetta hræðir mig mjög mikið og ég hlégg inn til mömmu og pabba. Nokkru minnutum seinna eru öll komnir inn til Colin og líka lækningar. "Því miður vitum við ekki hvað er að honum" segir lækningarnir. En mamma situr á stól og grætur. Við vitum öll að Colin var að deyja. Næstu vikur eru eins. Colin er bara upp í rími. Hann sefur oftast en hann fær mat uppi í rími. Mamma grætur og grætur. Við vitum öll hvað er að Colin. Þegar hann fæddist var hann með síkingu í lungunum. Ég man eftir þegar lækningarnir sagði að það mundi hafa áhrif á hann alla ævi. Stundum fór Colin kást. Ágætis hann stundum ekki andast. Þegar Colin deyr erum við öll mjög leið. Við tökum saman allt dótin hans og setjum í kassan.

Texti 5 Jóel. Mat á tveimur víddum.

Höfundur er nemandi í 6. bekk. Aldur nemandans var hafður í huga við matið.

Hugmyndir	Skipulag	Rödd	Orðaval	Setningaflæði	Hefðir
3	3				

Hugmyndir 3

Höfundur gerir tilraun til að móta meginhugmynd en tekst ekki að flétta söguþráðinn. Persónusköpunin er grunn og meiri upplýsingar vantar í söguna til að svara spurningum lesanda.

Skipulag 3

Höfundur heldur þæði og sagan hefur ákveðið upphaf og endi. Frásagnarhraðinn byggist upp á röð atburða sem tengjast lítið innbyrðis.

Einu sinni var gamall maður að nafni Jóel. Hann Jóel var alltaf rosa fálk. Einu sinni missti hann af strætó. Og þegar strætóinn kom aftur trommatist Jóel og beit strætóbilstjóran. Þá var honum hent út úr vagninum. Svo fór hann heim og fór að hlusta á á útvarpið en þá fór einhver klikkhaus að tromma í blókkinni sem Jóel bjó í. Jóel fór að dyrum trommaranns og hélt ^{byr}bjöllunni hans inni. Þegar trommarinn kom loks til Dyra strúnsaði Jóel inn og hrinti trommusettnu um koll og henti nokkrum hlutum út um gluggan þá var trommarinn orðinn ævarseitur og hringdi á lögregluna. Lögreglan lét senda Jóel á getveikrahæli. Og hann Jóel lifti.

Texti 6 Pönkarinn. Mat á tveimur víddum.

Höfundur er nemandi í 6. bekk. Aldur nemandans var hafður í huga við matið.

Hugmyndir	Skipulag	Rödd	Orðaval	Setningaflæði	Hefðir
3	3				

Hugmyndir 3

Höfundur er með fullmótaða hugmynd um innihaldið en það vantar að móta söguþráðinn. Hugmyndir eru skýrar en ekki nógu persónulegar. Í lok sögunnar þarf betri úrvinnslu á ákvörðun söguhetjunnar að snúa við blaðinu.

Skipulag 3

Verkið hefur gott flæði sem heldur athygli lesanda til loka. Málsgreinar eru stuttar og tengiorð myndu glæða textann meira lífi. Það gæti haft áhrif að nemandinn er með dyslexíu.

Pönkarinn

Ég heiti Sigurrós og ég er 14 ára. Fjölskyldan mín er ríkasta fólkið

í þessari borg.

Ég er komin með leið á að fjölskyldan er altaf svona

rík og ég er komin með leið á að sitja og láta

mér leiðast. Allir gera altaf alt fyrir mig og ég ælla að

taka mér smá frí. Ég fór út ég var að labba og rakst á

nokra pönkara þeir öskruðu á mig og sögðu að ég

væri svo ó cool. Þá fataði ég að ég væri altaf í kjólum

og svolleiðis svo ég ákvað að gerast pönkari.

Ég fékk pening frá pabba til að láta gat í nefið og eyrun.

Ég setti nælu í eyrað og litaði hárið grænt. Ég málaði svart

í krinkum augun og gaddaól í krinkum hálsinn. Ég fór til

pönkarana. Þeir sögðu að ég væri ein af þeim nún-a. Mér

fanst þeta rosa skemtilegt þeir kölluðu mig altaf sigurósu

pönk. Mamma skamaðimig altaf fyrir að koma altf svona

seint á kvöldi til. Þegar ég var búin að vera í nokkra daga

pönkari fataði ég að ég væri að skema kver ég væri í raun

ogveru. ég varð svo aftur eðlileg og lifði hamigjusöm til

æfiloga.

Texti 7 Kajak róðurinn mikli. Mat á tveimur víddum.

Höfundur er nemandi í 6. bekk. Aldur nemandans var hafður í huga við matið.


Hugmyndir	Skipulag	Rödd	Orðaval	Setningaflæði	Hefðir
		1	1		

Rödd 1

Höfundur virkar áhugalaus um efnið og lesandinn fær á tilfinninguna að hann vilji ljúka skrifunum sem fyrst. Textinn er líflaus og vélrænn, hann er ópersónulegur og lesandinn fær litlar upplýsingar um sögupersónuna.

Orðaval 1

Orðaval er klisjukennt og einfalt. Höfundur leggur sig ekki eftir að nota fjölbreyttan orðaforða. Frásögnin er skiljanleg en flöt.



Texti 8 Vökunótt páskaanna. Mat á tveimur víddum.

Höfundur er nemandi í 6. bekk. Aldur nemandans var hafður í huga við matið.

Hugmyndir	Skipulag	Rödd	Orðaval	Setningaflæði	Hefðir
		3	3		

Rödd 3

Titillinn er dramatískur og vekur áhuga. Höfundur nær ágætlega til lesandans en er ópersónulegur í frásögninni. Hann veit tilganginn og velur efni sem styður við hann. Það skortir ákveðið líf í frásögnina.

Orðaval 3

Það er auðvelt að skilja frásögnina og höfundur velur orð sem hæfa henni. Engar tilraunir eru gerðar til að nota litrík orð eða annað til að krydda frásögnina. Höfundur notar líkingar sem virka illa.

Vökunótt páskaanna Litill strákur að nafni Igor Strivagonzi (eða eitthvað þannig) hafði alltaf verið hrifinn af páskunum. Hann býr í Bandaríkjunum en er af rússneskum ættum. Hann átti tvo eldri bræður og þrjú dra. Litla systur sem gat ekki sagt annað en mamma og pappi. Sjálfur var hann áttu dra. En þótt hann væri hrifinn af páskunum var hann enn hrifnari af karinum. Og það var þess vegna sem hann hræmlega dæti páskakarinn. Þetta ár átti hann að finna felustad hennar og hitta hana. Þegar laugardagurinn fyrir páskaðag kom átti hann vita karinunni og elta hana. En um nóttina söfnadi hann. Svó klukkun tvo vaknaði hann víf einhvert þrústi úti í garði og leit út um gluggann. First gerðist ekki neitt en síðan stótt einhver vera úr runnum. Þetta var frekar stór karinn, stórt víf skólatöskun en það besta var að hún hélt á kórfa með páskaeggjum. Karinnan leit í kringun sig og faldi tvo páskaegg í runnum en átt í einn leit karinnan beint á Igor. Hann hrótti frá glugganum og datt aftur fyrir sig. Hann flýtti sér að standa upp og horfði út í garð en karinnan var horfin. En á náttborðinu stóð lítill páskaegg. Igor greip það og opnaði það og víf í því var lítill málshattur. En í honum stóð bara til hamingju. ENDIR
